Hildur skrifar hrollvekju

Menning ➤ 17

Áþreifanlegar hugleiðingar

Lífið ➤ 22

FASTEIGNASALAN TORG

FRÉTTABLAÐIÐ

205. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is ÞRIÐJUDAGUR 19. OKTÓBER 2021

Smáhýsin sem hafa staðið tilbúin en auð í geymslu í Skerjafirði voru smíðuð í Póllandi af fyrirtækinu Yabimo ehf. fyrir heimilislausa í Reykjavík. Húsin eru þrjátíu fermetrar að flatarmáli. Tafist hefur að koma þeim í gagnið en vonast er til að uppsetningu þeirra ljúki á næsta ári að sögn upplýsingafulltrúa hjá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hús fyrir heimilislausa ónotuð í hálft annað ár

Tíu tilbúin smáhýsi frá Póllandi hafa staðið í Skerjafirði í eitt og hálft ár og beðið þess þar að verða athvarf fyrir heimilislausa skjólstæðinga velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Andstaða íbúa og fyrirtækja tefur verkefnið.

gar@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL „Því miður þá hefur umræðan um smáhúsin litast af nokkrum fordómum og haft áhrif á framgang verkefnisins," segir Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, sem bíður þess að geta tekið tíu smáhýsi fyrir heimilislausa í notkun.

Að sögn Hólmfríðar Helgu Sigurðardóttur, upplýsingafulltrúa hjá Reykjavíkurborg, voru umrædd smáhýsi flutt á geymslusvæði Reykjavíkurborgar í Skerjafirði í mars 2020, eða fyrir meira en einu og hálfu ári.

Aðspurð svarar Hólmfríður því játandi að andstaða íbúa í einstökum hverfum hafi tafið fyrir því að húsin komist í notkun.

„Erfiðlega hefur gengið að festa lóðir fyrir þau en umhverfis- og skipulagssvið hefur unnið að því í meira en tvö ár. Það hefur gengið hægar en vonir stóðu til um, meðal annars vegna andstöðu íbúa og fyrirtækja í mörgum hverfum," segir hún.

> Megum aldrei gleyma því að þarna er um heimili fólks að ræða sem vill búa í sem mestri sátt við umhverfið.

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Ráðgert er að fimm húsanna verði flutt í Laugardal, tvö á Héðinsgötu og þrjú á Stórhöfða.

„Stefnt er að því að setja húsin upp um leið og lóðirnar undir þau eru tilbúnar," segir Hólmfríður. Ekki sé ljóst hversu miklar framkvæmdir verði hægt að fara í áður en vetur bresti á. „En verkefnið ætti að klárast á árinu 2022."

Fimm hús hafa þegar verið tekin í notkun í Gufunesi. Tvö hús eru að sögn Hólmfríðar komin í Skógarhlíð og þrjú á Kleppsmýrarveg og unnið er við frágang þeirra.

Sem fyrr segir kveður sviðsstjóri velferðarsviðs verkefnið hafa tafist vegna fordóma sem litað hafi umræðuna um smáhýsin.

„Við verðum því að fá svigrúm til að þróa þetta í rólegheitunum og megum aldrei gleyma því að þarna er um heimili fólks að ræða sem vill búa í sem mestri sátt við umhverfið," segir Regína Ásvaldsdóttir, aðspurð hvort tafirnar hafi sett áætlanir velferðarsviðs vegna þessa hóps úr skorðum.

Hólmfríður útskýrir að smáhýsin séu heimili fólks. Íbúarnir fái daglega heimsókn frá vettvangs- og ráðgjafarteymi velferðarsviðs.

„Þjónusta teymisins byggir á hugmyndafræði Húsnæði fyrst sem snýst um að allt fólk eigi rétt á húsnæði og geti haldið því með einstaklingsbundinni þjónustu undir formerkjum skaðaminnkunar." ■

Settu saman þinn ID.4 GTX á www.hekla.is/gtx
Verð frá 7.150.000 kr.
WORLD CAR AWARDS
ID.4 GTX
Fullvaxinn fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll
BÍLL ÁRSINS 2021 BÍLABLAÐAMANNA
HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170
Komdu og prófaðu!

Bólusetning fer vel af stað

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Bólusetningar gegn árlegri inflúensu hófust hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) í gær. Næstu tvær vikur verða forgangshópar bólusettir.

Fólk í þeim hópi fær bóluefnið frítt en greiðir 500 króna komugjald á heilsugæsluna. Aðrir borga komugjald og 1.800 krónur fyrir bóluefnið. Ekki þarf að bóka tíma fyrir bólusetningu.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslunnar

Óskar Reykdalsson, forstjóri HH, segir bólusetningarnar fara vel af stað. Þann 1. nóvember verður opnað fyrir almennar bólusetningar.

„Flensan er ekki komin á stjá svo við erum tímanlega í þessu," segir Óskar.

Spurður að því hvort virkni bóluefnisins komi strax fram eftir bólusetningu segir Óskar mikla vörn myndast skömmu eftir sprautuna. „Margir finna fyrir vægum einkennum dagana á eftir og þá er í raun svörunin komin af stað." ■

Horft yfir hafið

Útsýnið yfir borgina er hvergi betra en úr Hallgrímskirkjuturni. Fyrstu níu mánuði ársins hefur kirkjan fengið 49 milljónir í aðgangseyri. Samkvæmt upplýsingum hefur orðið töluvert stökk á milli mánaða. Það byrjaði rólega en hefur gengið vel. Skipt var um lyftu árið 2019 en þá voru tekjurnar 239 milljónir sem eðlilega hrundi þegar faraldurinn bankaði upp á. Hallgrímskirkja er mjög aðgengileg og hún er opin alla daga. Þá er tekið á móti krakkahópum allt upp í framhaldsskólanemendur til að kynna starfið, orgelið, kirkjuna sjálfa og kíkja yfir borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Blæðingar algengari með Xarelto

arnartomas@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Tíðni blæðinga í meltingarvegi er mun hærri hjá þeim sjúklingum sem hafa fengið blóðþynningarlyfið Xarelto en hjá þeim sem hafa fengið tvö önnur blóðþynningarlyf hér á landi. Þetta eru niðurstöður rannsóknar á vegum vísindamanna Háskóla Íslands og Landspítala.

Rannsóknin náði til allra Íslendinga sem hófu meðferð með lyfjunum þremur á fimm ára tímabili, alls um sex þúsund sjúklinga.

Tíðni blæðinga í meltingarvegi þeirra sem fengu Xarelto var 40 til 42 prósentum hærri en hjá þeim sem var gefið lyfið Eliquis og 63 til 104 prósentum hærri en hjá þeim sem fengu lyfið Pradaxa.

Jafnframt reyndust alvarlegar meltingarvegsblæðingar mun algengari hjá þeim sem fengu Xarelto en hin lyfin tvö.

> **Tíðni blæðinga þeirra sem fengu Xarelto var 63 til 104 prósentum hærri en þeirra sem fengu Pradaxa.**

Ein möguleg skýring á muninum er að Xarelto er gefið einu sinni á dag en hin lyfin tvisvar.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru sambærilegar við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum, Bretlandi og Tævan. ■

Þurfa að skoða allar hættur áður en gosinu er sagt lokið

Eldfjallafræðingur segir erfitt að svara því hvað þurfi að gerast til að hægt sé að segja eldgosi lokið. Í Geldingadölum rennur enn heitt logandi hraun undir efsta lagi hraunbreiðunnar. Á næstu árum gætu orðið eldgos á Reykjanesi á nokkurra ára fresti.

birnadrofn@frettabladid.is

Fjöldi fólks leggur leið sína að gosinu þrátt fyrir lítla eldvirkni á svæðinu. Undir efsta lagi hraunsins leynist þó logandi hraun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ELDGOS „Þetta er nú með erfiðari spurningum sem eldfjallafræðingar fá," segir Kristín Jónsdóttir, eldfjalla- og jarðskjálftafræðingur, spurð að því hvað þurfi til að eldgosi líku og því sem nú er í Geldingadölum sé sagt lokið.

„Það er ýmislegt sem kemur þar inn í," segir Kristín. „Við þurfum að pæla í þeim hættum sem eru á svæðinu og það er talsvert af hrauni sem hefur safnast fyrir í hraunbreiðunni nálægt gígnum. Þar hefur myndast hrauntjörn og yfir henni er þunn skel," bætir hún við.

Í gær var liðinn mánuður frá því að kvika rann síðast upp úr gígnum í Geldingadölum og segir Kristín að það þurfi þó ekki að þýða að gosinu sé lokið. „Akkúrat núna í dag eru ekki miklar hreyfingar þarna eða mikið að frétta og maður spyr sig hvort þetta sé alveg búið og það getur alveg verið en það getur líka alveg verið að virknin taki sig upp að nýju og það eru mýmörg dæmi um að það komi svona pásur í eldgosum," segir Kristín. Þá segir hún slíkar pásur jafnvel geta varað mánuðum saman.

„Við sjáum greinilega á þeim mælingum sem við erum að gera á hraunbreiðunni að þó að það sé ekkert nýtt að koma upp úr gosrásinni þá er hraunið enn að renna, hreyfa sig og jafna sig," segir Kristín og vísar til þess að svarta hraunið sem sjáist vel á gossvæðinu hylji heitt logandi hraun sem sé á hreyfingu þar undir. Einnig stígi enn upp gas bæði úr gígnum sjálfum og hraunbreiðunni.

Kristín Jónsdóttir, eldfjalla- og jarðskjálftafræðingur

Aðspurð segir Kristín það hættulegt að ganga á hraunbreiðunni vegna logandi hraunsins sem undir henni sé. Efsta lag hraunsins sé kólnað og harðnað og virki einangrandi á glóandi hraunið sem undir því leynist. „Efsta lagið er mjög þunnt. Þú getur ímyndað þér rosalega góðan hitabrúsa sem heldur miklum hita á hrauninu. Það er mjög heitt og það sést jafnvel í glóð í gegn á kvöldin. Það er mjög óskynsamlegt að vera á einhverju vappi yfir hraunbreiðuna," segir hún.

Þegar gosið hófst í Geldingadölum þann 19. mars á þessu ári, fyrir sléttum sjö mánuðum síðan, var haft eftir hinum ýmsu jarðvísindamönnum og -konum að hafið væri nýtt eldsumbrotatímabil á Reykjanesi sem gæti varað árum saman. Kristín segir slíkt tímabil geta varað í 2-300 ár og að ómögulegt sé að segja til hvað gerist næst.

„Svona tímabil er miklu lengra en mannsævi, við erum alltaf að tala á jarðfræðiskala," segir Kristín. „En ef við erum dottin inn í tímabil þar sem er mikil virkni þá getum við alveg búist við því að það verði kannski gos á Reykjanesskaga á nokkurra ára fresti." ■

... OOOG SLAKA

TOYOTA RELAX

Við framlengjum ábyrgðina á Toyota bílnum þínum um 12 mánuði* í senn þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota. Toyota Relax er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða hann ekinn 200.000 kílómetra - hvort sem fyrr kemur.

Nánari upplýsingar á www.toyota.is

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

* Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilviki Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Efling segir Icelandair hafa unnið siðlaust níðingsverk

bth@frettabladid.is

VINNURÉTTUR Uppsögn Ólafar Helgu Adolfsdóttur, hlaðkonu hjá Icelandair, er siðlaust níðingsverk. Þetta segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri félagsmála hjá Eflingu.

Ólöfu var sagt upp þrátt fyrir að hún og stéttarfélag hennar teldu uppsögnina kolólöglega. Efling segir engan vafa leika á að hún hafi gegnt trúnaðarmennsku og verið að vinna að réttindum samstarfsmanna þegar henni var sagt upp. Efling boðar lögsókn ef uppsögn Ólafar verður ekki dregin til baka.

„Þetta er ekki aðeins ólöglegt heldur líka algjörlega siðlaust níðingsverk," segir Viðar Þorsteinsson hjá Eflingu.

Spurður um rökstuðning svo stórra orða, svarar hann að Ólöf sé heiðvirð manneskja sem njóti trausts og stuðnings vinnufélaga.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri félagsmála hjá Eflingu

Þegar Icelandair hafi reynt að réttlæta uppsögn hennar hafi félagið borið á Ólöfu þungar og tilhæfulausar sakir.

Viðar gagnrýnir ekki bara Icelandair harðlega heldur sé þáttur Samtaka atvinnulífsins mjög alvarlegur í máli Ólafar.

Samtökin virðist hreinn gerandi í málinu með fundarsetum og samþykki uppsagnarinnar.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA) hafi sagt þvert nei þegar Efling óskaði eftir fundi vegna málsins.

Fréttablaðið hefur ítrekað reynt að fá viðbrögð SA vegna málsins en án árangurs. Þá hefur Icelandair lítið annað látið hafa eftir sér en að félagið harmi að mál Ólafar sé komið í fjölmiðla. Vafi leiki á að hún hafi verið trúnaðarmaður þegar henni var sagt upp. ■

Veiðileyfi gefið út á íslensk heimili með sölu Mílu

odduraevar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Ragnar Önundarson, fyrrverandi bankastjóri, segir „veiðileyfi" gefið út á íslensk heimili með fyrirhugaðri sölu Símans á dótturfyrirtækinu Mílu. Fram kom í kvöldfréttum RÚV í gær að salan hefði verið rædd í þjóðaröryggisráði.

Síminn er kominn langt á veg í viðræðum við alþjóðlegt stórfyrirtæki um sölu á dótturfyrirtækinu Mílu. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði í kvöldfréttum RÚV að samræður við fyrirtækið undir forystu samgönguráðherra hefðu farið fram um hvernig unnt yrði að tryggja þjóðar- og almannaöryggi óháð eignarhaldi.

Ragnar Önundarson

Katrín sagðist binda vonir við að frumvarp sem tryggi stjórnvöldum getu til að rýna í erlendar fjárfestingar sem teljast hafa gildi fyrir almanna- og þjóðaröryggi verði lagt fram á komandi þingvetri.

Ragnar gerir málið að umtalsefni á Facebook-síðu sinni og segist heita á þjóðaröryggisráð að bregðast strax við og koma í veg fyrir þessi viðskipti.

Staða Mílu jaðri við að vera í einokunaraðstöðu. „Slík aðstaða kallar alltaf á sjálftöku gegnum verðlagið. Samkeppnislöggjöf okkar er evrópsk og miðast við stóra, virka markaði. Hún nær ekki að verja okkur fyrir sjálftöku þeirra sem komast í forréttindaaðstöðu." ■

Hátt verð á olíu veldur mismunun

Forseti ASÍ og framkvæmdastjóri FÍB telja að stjórnvöld ættu að grípa í taumana vegna hækkandi eldsneytisverðs. Ástæða er til að ætla að mengun í heiminum aukist vegna þessarar þróunar.

elinhirst@frettabladid.is

Drífa Snædal, forseti ASÍ, og Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, hafa áhyggjur af áhrifum ört hækkandi eldsneytisverðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

VERÐLAG „Við höfum mjög miklar áhyggjur af dýrtíð sem nú er í uppsiglingu, því hækkun olíuverðs er svo stórt atriði í lífskjörum fólks, einkum þeirra sem þurfa að sækja sér vinnu fjær vegna hærri húsnæðiskostnaðar," segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Verð á olíu og bensíni hefur hækkað umtalsvert á heimsmarkaði að undanförnu og endurspeglast það í verðlaginu hér.

„Það hefur verið búinn til mismunur milli fólks í kjörum og ákveðin stéttaskipting. Þeir sem hafa keypt Teslurnar og hafa fengið gríðarlegar ívilnanir til þess, þeir eru hins vegar að græða á því núna," segir Drífa um áhrif hækkananna á kjör fólks.

„Það er alveg ljóst að heimurinn mun menga meira núna eftir að allt er farið af stað eftir Covid," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB.

„Olíuverð hækkar dag frá degi og tonnið af bensíni er komið upp í 980 dollara og hefur ekki verið svo hátt síðan 2014. Mér finnst alveg koma til greina að stjórnvöld grípi tímabundið inn í þetta og lækki opinber gjöld á olíu," segir Runólfur og bendir á að hækkun á olíuverði ýti vísitölunni upp. „Það hefur áhrif á þá sem minnst hafa umleikis."

Drífa segir það vera á ábyrgð stjórnvalda að sjá svo til að breytingar á efnahagskerfi heimsins verði ekki til þess að rýra kjör þeirra sem minnst hafi.

„Þannig verði þeim hagnaði sem við njótum af hækkun hrávöruverðs, til dæmis álsins, loðnunnar, skilað til almennings, til dæmis með því að endurreisa vaxtabótakerfið eða lækka álögur á nauðsynjavörur," segir forseti ASÍ.

Þróun olíuverðs í Bandaríkjadölum



Aukin eftirspurn eftir olíu hafi tvenns konar áhrif. Annars vegar hækkar hún olíuverð og þar með vöruverð því stór hluti framleiðslu á vöru og þjónustu í heiminum er drifinn áfram af orku sem framleidd er með jarðefnaeldsneyti. Hins vegar eykur vaxandi olíunotkun á CO_2 sem er að verða eitt stærsta vandamál heimsins í dag vegna loftslagsvandans.

> Það hefur verið búinn til mismunur milli fólks í kjörum og ákveðin stéttaskipting.
>
> Drífa Snædal, forseti ASÍ

„Það er sorglegt að það skuli vera svona mikil eftirspurn eftir þessu „skítuga eldsneyti" eins og farið er að kalla kol og olíu, svokölluðu jarðefnaeldsneyti sem er að valda loftslagsbreytingum um alla jörð," segir Runólfur. Það stefni því í að opna þurfi að nýju kolaorkuver sem búið hafi verið að loka í Kína vegna loftslagsáhrifa.

„Nú þegar kínverska efnahagsvélin er farin í gang á ný þýðir það gríðarlega eftirspurn eftir orku sem þýðir að olíuverð rýkur upp," segir framkvæmdastjóri FÍB. ■



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Á hverjum degi velur fjöldi viðskiptavina Orkunnar að kolefnisjafna aksturinn sinn með því að gefa hluta af afslætti sínum til Votlendissjóðs. Votlendissjóður nýtir fjármunina til að endurheimta votlendi sem er áhrifarík, einföld og ódýr leið sem skilar strax árangri.

Vertu með, leggðu þitt að mörkum í loftslagsmálum og byrjaðu að kolefnisjafna á orkan.is.

JAFNAÐU ÞIG

HJÁ ORKUNNI

Sigmundur Davíð segir Miðflokkinn ekki vera að deyja út

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, er ekki á leiðinni í annan flokk eða á aðra framabraut. Hann segir Miðflokkinn ekki vera að deyja út og bendir á að trúlega verði innihald ríkisstjórnarinnar það saman en pakkað inn í nýjar umbúðir.

Sigmundur kom á Fréttavaktina á Hringbraut í gær og ræddi þar ýmis mál, þar á meðal brotthvarf Birgis Þórarinssonar yfir í Sjálfstæðisflokkinn. „Þetta kom náttúrulega gríðarlega á óvart. Þetta hefur aldrei gerst áður að þingmaður – strax eftir kosningar, áður en þing hefur verið sett, áður en búið er að staðfesta kjörbréf – skipti um flokk," sagði Sigmundur.

Hann bendir á að það sé mjög sérstakt að fylgjast með umræðum hjá Sjálfstæðisfólki eftir skiptin, sérstaklega þegar það sé spurt hvernig Birgir passi í þingflokkinn. „Sjálfstæðisflokkurinn er breiður flokkur, alls konar fólk getur verið þarna.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Bryndís Haraldsdóttir og Birgir Þórarinsson og alls konar fólk.

Þá veltir maður fyrir sér, um hvað snýst Sjálfstæðisflokkurinn? Eru þetta bara samtök áhugafólks um eigin þingsæti? Samtök áhugafólks um mögulegt ráðherrasæti? Frekar en einhverja stefnu? En Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið að þróast í þessa átt og afsaka það með því að hann sé svo breiður að skoðanir skipti ekki máli."

Þá bendir hann á að pólitíkin sé orðin þannig að hún snúist um að halda í ráðherrastóla. „Sjáðu bara Sjálfstæðisflokkinn hvað hann var glaður með næstverstu útkomu sína í kosningum frá upphafi. Þau voru himinlifandi af því að hann sá fyrir sér: Jæja, við getum þó allavega verið áfram í ríkisstjórn.

Og VG, hvað misstu þau, þriðjung af fylgi sínu? Hæstánægð. Sáu fyrir sér að vera áfram í oddvitastöðu í ríkisstjórn. Pólitíkin er því miður farin að snúast allt of mikið um það að menn séu í einhverjum embættum til þess að leika þar einhver hlutverk, frekar en að breyta landinu."

Viðtalið við Sigmund má sjá í Fréttavaktinni sem er á dagskrá Hringbrautar alla virka daga klukkan 18.30. ■

Tvær úthlutanir verða í viku hverri frá nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kaupfélagið bjargar jólunum fyrir fátæka

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Fjölskylduhjálp Íslands mun með stuðningi Kaupfélags Skagfirðinga ná að aðstoða þúsundir Íslendinga í nóvember og desember. Samstarfið mun hefjast 1. nóvember næstkomandi og standa fram að áramótum, segir í tilkynningu.

Fjölskylduhjálp Íslands mun vera með tvær úthlutanir í hverri viku fram að jólum og mun stuðningur KS gera gæfumuninn fyrir þær þúsundir sem annars gætu ekki haldið jólin eins og hefð er fyrir hér á landi. ■

Háskólinn í Reykjavík lætur ekki kúga af sér fé. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

HR ætlar ekki að borga lausnargjald

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG Tölvuárás var gerð á póstþjón Háskólans í Reykjavík (HR) í síðustu viku og skrár dulkóðaðar. Í tilkynningu frá skólanum segir að tölvupóstar nemenda séu geymdir í „skýinu" og hafi því ekki orðið fyrir árásinni. Enn sem komið er eru engar vísbendingar um að önnur upplýsingakerfi háskólans hafi orðið fyrir áhrifum af árásinni.

Allt bendir til að um tilfallandi árás sé að ræða, bundna við einn póstþjón, sem hafi ekki leitt til upplýsingataps eða gagnaleka. Talið er líklegast að tölvuþrjótarnir hafi nýtt sér veikleika í póstþjóninum.

Á póstþjóninum var skilið eftir bréf þar sem þess er krafist að HR greiði 10 þúsund dollara lausnargjald eða um 1,3 milljónir ella verði tölvupóstar starfsmanna gerðir opinberir.

Afstaða HR er þó skýr um að háskólinn mun ekki láta undan fjárkúgun og er sú afstaða í samræmi við leiðbeiningar lögreglu. ■

Rjúpnastofninn er orðinn minni en á árunum þegar veiðin var bönnuð

Rjúpnastofninn mælist nú sá minnsti frá því mælingar hófust 1995. Stofninn er í neðstu mörkum svipað og þegar þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, ákvað að banna rjúpnaveiðar. Dýravinir vilja banna rjúpnaveiðar.

ser@frettabladid.is

Rjúpnastofninn er í neðstu mörkum, hliðstætt því sem var 2002 og 2003, en einmitt þá afréð þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, að banna rjúpnaveiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

NÁTTÚRA Rjúpnastofninn mælist nú sá minnsti frá því mælingar hófust 1995. Vorstofninn var áætlaður 69 þúsund fuglar og veiðistofninn nú á haustdögum er talinn vera 248 þúsund fuglar, sem merkir að þar af eru 179 þúsund ungar.

Þetta staðfestir Ólafur Karl Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, í samtali við Fréttablaðið. Stofninn sé í neðstu mörkum, hliðstætt því sem var 2002 og 2003, en einmitt þá afréð þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, að banna rjúpnaveiðar.

Ólafur Karl segir að Náttúrufræðistofnun skili Umhverfisstofnun skýrslu um rannsóknir sínar og það sé svo síðarnefndu stofnunarinnar að láta umhverfisráðherra í té minnisblað um þær tillögur sem hún telur ráðlegar. „Okkar hlutverk er að lýsa ástandinu á eins trúverðugan máta og við getum," segir Ólafur Karl. „Og okkar tillaga er að veiða ekki fleiri en 20 þúsund fugla nú í nóvember þegar veiðitímabilið byrjar, sem eru þá á bilinu fjórar til fimm rjúpur á hvern veiðimann, en reynslan sýnir að fjöldi veiðimanna, þegar stofninn er lítill, er í kringum fjögur þúsund, þriðjungi minni en þegar stofninn er stór."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur umhverfisráðherra ekki enn borist minnisblað Umhverfisstofnunar, en það er hans að ákveða veiðina, eða eftir atvikum veiðibann, í ljósi rannsókna og túlkana undirstofnana á þeim.

Veidd allt frá landnámi

Rjúpan er staðfugl en ferðast innanlands haust og vor, einatt landshorna á milli. Hún skiptir um klæði þrisvar á ári. Rjúpur eru félagslyndar utan varptíma og fara oft um í hópum. Flestir karrar parast aðeins einum kvenfugli. Elsta merkta rjúpan sem hefur verið endurheimt reyndist 10 ára gömul. Rjúpan hefur verið veidd á Íslandi allt frá landnámi, fyrst til sjálfsþurftar, til tekjuöflunar frá miðri 19. öld, en síðustu ár eingöngu til sportveiða.

Ólafur Karl Nielsen, vistfræðingur hjá NÍ

Niðurstöður rjúpnatalninga vorið 2021 sýna að rjúpum fækkaði um allt land á árunum 2020 og 2021. Í gögnum Náttúrufræðistofnunar segir enn fremur að miðað við stofnþróun síðustu ára á Suðurlandi, Norðvesturlandi, Norðausturlandi og Austurlandi megi gera ráð fyrir að þar verði stofninn í lágmarki næsta eða þarnæsta vor, 2022 eða 2023.

„Sveiflurnar eru náttúrulegt fyrirbæri," segir Ólafur Karl. „Það er aldrei nokkur kyrrstaða á þessum efnum. Þessu ræður fálkinn sem étur býsn af rjúpu, fæðuframboð og heilbrigði fuglanna, en sníkjudýrasýkingar hrjá oft fuglinn."

Ólafur Karl óttast aftur á móti ekki ofveiði, enda þótt veiðin fari iðulega fram úr ráðgjöf. „Reynslan sýnir að yfirleitt er veitt um þriðjung umfram það sem ráðlagt er, en síðustu sextán ár, frá því veiði var bönnuð, hafa veiðimenn almennt hagað sér af skynsemi við veiðarnar."

Þessu er Ole Anton Bieltvedt, formaður Jarðarvina, algerlega ósammála, en félagið berst fyrir dýravernd af öllu tagi. ■

Sæstrengur ólíklegur í stjórnarsáttmála

elinhirst@frettabladid.is

ORKUMÁL „Við í VG leggjumst gegn lagningu sæstrengs til orkusölu utan landsteinanna. Fyrirséð er að lagning sæstrengs til Evrópu myndi setja mikinn þrýsting á nýjar virkjanir og nýjar háspennulínur og þar með á íslenska náttúru," segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og varaformaður VG.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins tekur hins vegar annan pól í hæðina: „Útflutningur raforku um sæstreng gæti falið í sér tækifæri til verðmætasköpunar og betri nýtingar á orkuauðlindum Íslands," segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum sem nú fara fram milli VG, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hefur komið fram að loftslagsmálin taka mikið rými, en ljóst er að afstaða flokkanna þriggja er ólík í sæstrengsmálum. Þannig hafa Framsóknarflokkur og VG hafnað lagningu sæstrengs og telja að nýta eigi græna orku hér innanlands, en Sjálfstæðisflokkurinn er frekar jákvæður.

Ráðherrarnir Guðmundur Ingi Guðbrandsson og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir eru á öndverðum meiði varðandi sæstreng. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseti Íslands og stofnandi þingsins Hringborð norðurslóða, sagði á sunnudag að Íslendingar ættu að skoða þann möguleika að leggja sæstreng og selja rafmagn til Evrópu til að veita þangað hreinni orku.

„Verkefni eins þetta er risavaxið og flókið og geti ekki orðið að veruleika nema sett yrði um það skýrt regluverk, og ítarlegt hagsmunamat á ávinningi Íslands lægi fyrir sem Alþingi þyrfti að taka sérstaklega afstöðu til," segir Þórdís. En umhverfisráðherra og samráðherra hennar í ríkisstjórn er á öðru máli:

„Sú orka sem framleidd er hérlendis verði notuð í þágu uppbyggingar samfélagsins; til að mæta fólksfjölgun, matvælaframleiðslu og -öryggi, orkuskiptum og grænni atvinnustarfsemi innanlands," segir Guðmundur Ingi. ■

WIZAR
20% AFSLÁTTUR

Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Sveitarstjórnarkosningar fara fram 14. maí á næsta ári. Þá verða 23 borgarfulltrúar kjörnir í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sjálfstæðisflokkurinn þurfi að rétta sig við

Oddvitar flestra flokka í borgarstjórn hyggjast gefa kost á sér áfram en borgarstjórnarkosningar fara fram næsta vor. Þeir eiga þó ekki allir stuðninginn vísan í eigin flokkum.

adalheidur@frettabladid.is

REYKJAVÍK Sveitarstjórnarkosningar fara fram 14. maí næstkomandi, eftir tæpa sjö mánuði. Þótt ekki fari mikið fyrir undirbúningi flokkanna út á við er samtalið farið á fullt inni í flokkunum, ýmist formlega eða óformlega milli flokksfélaga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekkert fararsnið á borgarstjóranum Degi B. Eggertssyni úr borgarmálunum, en vangaveltur um pólitíska framtíð hans fóru á flug vegna veikinda hans fyrr á kjörtímabilinu. Heimildir blaðsins herma hins vegar að hann sé við góða heilsu og muni gefa kost á sér til að leiða lista Samfylkingarinnar fyrir næstu kosningar. Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi og varaformaður flokksins, er án efa hvergi hætt og ekki er annað vitað en Skúli Helgason og Hjálmar Sveinsson verði einnig í kjöri.

Þá herma heimildir blaðsins að Rósa Björk Brynjólfsdóttir íhugi stöðu sína og hugsanlegt framboð í borginni, en það hlýtur einnig að velta á því hverjar lyktir verða í óvissunni um niðurstöður nýafstaðinna þingkosninga, þar sem litlu munaði að hún næði inn á þing sem jöfnunarþingmaður. Er hún í hópi þeirra sem kært hafa niðurstöðurnar til Alþingis.

Óánægja með Eyþór

Eyþór Laxdal Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, er einnig sagður harður á að halda áfram. Þeir Sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið ræddi við hafa hins vegar áhyggjur af stöðu flokksins í borginni og sú óánægja hefur ekki síður gert vart við sig meðal þeirra Sjálfstæðismanna sem studdu Eyþór í oddvitakjöri flokksins fyrir síðustu kosningar.

Óánægjan lýtur bæði að forystu Eyþórs og því hve ósamstilltur borgarstjórnarhópur flokksins hefur verið á kjörtímabilinu. Hafa flokksmenn einnig nefnt að þreytu gæti meðal borgarbúa í garð meirihlutans og því sé kjörið tækifæri til að ná borginni og bagalegt að flokkurinn sé ekki öflugri.

„Þetta veltur allt á því hvort Eyþór og hópurinn hans nái að rétta sig af. Það vantar ekkert mikið upp á en það þarf að gerast strax, ef við eigum að ná árangri í vor," varð einum viðmælanda blaðsins að orði. Aðrir viðmælendur telja ljóst að fullreynt sé með Eyþór og skipta þurfi um oddvita. Þar er helst nefnd Hildur Björnsdóttir borgarfulltrúi sem var í 2. sæti á lista flokksins fyrir síðustu kosningar. Fleiri hafa verið nefndir til sögunnar sem hugsanlegir oddvitar, þar á meðal fólk sem náði ekki kjöri í prófkjöri flokksins fyrir nýafstaðnar þingkosningar. Er Sigríður Á. Andersen einna helst nefnd.

Vill lýðræði í Viðreisn

Áhugaverð þróun er að verða í Viðreisn en borgarfulltrúi flokksins, Pawel Bartoszek, sem einnig er forseti borgarstjórnar, tilkynnti á dögunum að hann gæfi áfram kost á sér í borgarmálin og myndi því sækjast eftir lista á sæti Viðreisnar fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Viðreisn hefur aldrei haldið prófkjör, hvorki fyrir þingkosningar né sveitarstjórnarkosningar, en nú telur Pawel að rétt sé að halda prófkjör í flokknum: „Ég tel líka að það sé kominn tími á að Viðreisnarfólk fái að velja frambjóðendur flokksins í lýðræðislegu prófkjöri," segir Pawel í framboðstilkynningu sinni á Facebook.

Pawel var stillt upp í 2. sæti á lista flokksins fyrir síðustu kosningar. Leitað var dyrum og dyngjum að oddvita til að leiða listann og úr varð að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir leiddi hann. Herma heimildir Fréttablaðsins að hún muni áfram sækjast eftir því. Gera má ráð fyrir að Pawel hafi einnig verið meðvitaður um það, þegar hann sendi prófkjörsóskir sínar út í kosmósið.

Fjöldi borgarfulltrúa eftir flokkum:

Sjálfstæðisflokkurinn	8
Samfylkingin	7
Píratar	2
Viðreisn	2
Flokkur fólksins	1
Miðflokkurinn	1
Sósialistaflokkur Íslands	1
Vinstri grænn	1

Sjálfstæðismenn hafa áhyggjur af sundurlyndi meðal borgarfulltrúa sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjálfstæðismenn hafa miklar áhyggjur af sundurlyndi meðal borgarfulltrúa flokksins.

Ég tel líka að það sé kominn tími á að Viðreisnarfólk fái að velja frambjóðendur flokksins í lýðræðislegu prófkjöri.

Pawel Bartoszek

Ekkert fararsnið á Líf

Þá er ekkert fararsnið á Líf Magneudóttur, eina borgarfulltrúa Vinstri grænna, að því er Fréttablaðið kemst næst. Flokkurinn hefur átt erfitt uppdráttar í borginni undanfarið og náði aðeins einum borgarfulltrúa inn í síðustu kosningum þrátt fyrir að borgarfulltrúum hefði þá verið fjölgað úr 15 í 23.

Flokksmenn sem Fréttablaðið ræddi við telja þó að Líf verði ekki einni kennt um dapurt gengi síðast. Mikið hafði gengið á í flokknum stuttu fyrir borgarstjórnarkosningar og afar umdeild ákvörðun formanns flokksins um að fara í ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum, var enn þrætuepli í flokknum. Stjórnin hafi hins vegar ekki reynst flokknum eins erfið eftir því sem frá leið og því gæti fylgi flokksins í borginni vel jafnað sig á ný.

Líkt og Vinstri grænn og Viðreisn þykja borgarfulltrúar Pírata líklegir til að vera áfram í kjöri en Dóra Björt Guðjónsdóttir hefur verið vinsæl í eigin röðum og Alexandra Briem þykir hafa staðið sig vel frá því hún tók aðalsæti eftir að Sigurborg Ósk Haraldsdóttir dró sig í hlé fyrr á þessu ári.

Meðal annarra sem orðaðir eru við framboð fyrir Pírata er Lenya Rún Taha Karim, en mjög litlu munaði að hún næði kjöri á þing fyrir flokkinn í nýliðnum þingkosningum.

Rósa Björk er sögð íhuga framboð fyrir Samfylkinguna í Reykjavík.

Allt getur gerst

Auk Vinstri grænna fengu þrír flokkar til viðbótar einn borgarfulltrúa kjörinn, Miðflokkurinn, Flokkur fólksins og Sósíalistaflokkur Íslands.

Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, nýtur fulls trausts formannsins til að fara aftur fram fyrir flokkinn í borginni, þrátt fyrir að flokkurinn hafi tapað þingmönnum sínum í Reykjavík undir kosningastjórn Vigdísar.

Erfitt er að áætla gengi þessara flokka í borgarstjórnarkosningunum enda fengu þeir mjög ólíka útreið í nýafstöðnum kosningum. Þá má ekki útiloka að kosningasigur Framsóknarflokksins í síðasta mánuði skili sér aftur í borginni, en þar hafa Framsóknarmenn átt erfitt uppdráttar undanfarin kjörtímabil og eiga engan borgarfulltrúa. ■

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

21|10
FIMMTUDAGUR
KL. 20.00

AIŌN

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN & SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

AIŌN er töfrandi heimur þar sem tónlist og dans mætast á áhrifaríkan hátt og dansarar Íslenska dansflokksins og hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands renna saman í eitt. Höfundar verksins, Anna Þorvaldsdóttir tónskáld og Erna Ómarsdóttir danshöfundur, eru báðar áhrifavaldar á heimsvísu, hvor í sinni listgrein.

AIŌN er samstarfsverkefni Íslenska dansflokksins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Gautaborgar, en verkið var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Gautaborgar og Íslenska dansflokknum í Gautaborg 2019. Flutningurinn hlaut frábærar viðtökur og gagnrýnandi lýsti flutningnum sem „eins konar náttúruafli".

Ekki missa af einstökum viðburði fyrir alla þá sem hafa áhuga á nýsköpun. Aðeins þessi eina sýning.

KONTOR REYKJAVÍK 21045

Eldborg
Harpa

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

Rænd af ríkinu

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Árið 2017 ákvað kona að hefja sambúð með manni. Fyrir áttu þau hvort sína eignina sem ákveðið var að selja og sameinast um eina nýja eign. Draumaeignin fannst og þá var farið að reikna, hvað væri til í útborgun og hvað þyrfti að taka til láns.

Á eign konunnar þar sem hún hafði búið með börnum sínum var áhvílandi óhagstætt Íbúðalánasjóðs lán frá árinu 2008. Frá upphafi var borðleggjandi að það lán yrði látið fjúka enda húsnæðislánamarkaður allt annar og boðlegri en tíu árum áður og meirihluti kaupenda fyrir löngu búinn að snúa baki við Íbúðalánasjóði.

Bankinn fékk fyrirmæli um að greiða það lán upp en þegar bankastjóri útibús þess sem vann greiðslumatið hafði samband við parið var hljóðið í honum þungt. Uppgreiðslugjald lánsins sem konan vildi greiða upp var það allra hæsta sem hann hafði heyrt um. Svo hátt að það kallaði á símtal, eða tæpar sex milljónir króna! Það kostaði sem sagt sex milljónir króna að greiða upp lán sem upphaflega var rúm 21 milljón og greitt hafði verið af í áratug.

Uppgreiðslugjald er eitt en á bak við þennan fjármálagjörning var innbyggður óvissuþáttur. Í raun var sá þáttur svo óskiljanlegur að þegar umrædd kona sat andspænis lögfræðingi Íbúðalánasjóðs, nú Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, og bað hann að skýra fyrir henni forsendurnar, horfði hann á blek á blaði og svaraði: „Ég bara skil þær ekki sjálfur.“ Þess ber að geta að þetta lán með uppgreiðslugjaldi bar 5,30% vexti á meðan lán án uppgreiðslugjalds bar litlu hærri vexti eða 5,55% svo augljóslega var alltaf eftir litlu að seilast en varð síðar dýru verði keypt.

Í fyrra komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu í tveimur málum að svokölluð uppgreiðsluþóknun Íbúðalánasjóðs hefði verið ólögmæt. Málunum var áfrýjað, fengu þau flýtimeðferð og sýknaði Hæstiréttur í öðru þeirra en hinu var vísað aftur til meðferðar í héraði. Nýverið sýknaði héraðsdómur svo Íbúðalánasjóð í því máli.

Það er lögbrot að birta ekki í lánasamningi ákvæði um hvernig uppgreiðslugjald skuli reiknað út. Nú virðist aftur á móti staðfest að þegar lánveitandinn er ríkið sjálft hefur það engar afleiðingar. Það eru vissulega milljarðar í húfi fyrir íslenska ríkið en líka ansi stór hluti aleigunnar fyrir marga þegna þess.

Þetta er aðeins ein margra svipaðra sagna, hún er dagsönn og þessi kona er ég. Þessar sex milljónir voru greiddar, með fyrirvara, því varla fengi svo óréttlátur gerningur að standa. En, hann stendur. ■

> Nú virðist aftur á móti staðfest að þegar lánveitandinn er ríkið sjálft hefur það engar afleiðingar.

Halldór



Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Við hlið Powells

Prófessor Hannes Hólmsteinn Gissurarson er víðförull og hefur í gegnum tíðina verið óspar á sögur af persónum og leikendum á hinu stóra sviði samtímasögunnar. Ekki var því í kot vísað á Fésbók Hannesar í gær eftir að fréttist að Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, væri látinn 84 ára að aldri. Andlátsfregnin gaf Hannesi tilefni til þess að minnast Powells og þeirrar stundar er þeir stóðu hlið við hlið í ávölustofu Hvíta hússins 6. júlí 2004 og sungu afmælissönginn yfir George W. Bush, þáverandi forseta. Hannes var þá á ferð með Davíð Oddssyni til þess að koma í veg fyrir brotthvarf bandaríska herliðsins frá Íslandi.

Upprisa fjallalambsins

Dýrið, eða Lamb, verður framlag Íslands til Óskarsverðlaunanna 2022 og líklega hefur þjóðin ekki sent jafn sigurstranglega mynd til leiks þar sem strax eftir frumsýningu myndarinnar í Cannes í sumar töluðu sum stærstu bransatímaritin í Bandaríkjunum um hana sem líklega til afreka á Óskarnum. Góð aðsókn ytra ætti þá enn frekar að kynda undir væntingum Íslendinga og þá ekki síst Guðna Ágústssonar þar sem íslenska fjallalambið hefur ekki risið jafn hátt á síðari tímum né fengið aðra eins alþjóðaathygli. ■

Hættulegur háttatími

Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks

Árlega látast yfir 10.000 Bandaríkjamenn við að falla fram úr rúminu. Jafnframt látast yfir 10.000 manns við að kafna af slysförum í svefni. Þannig látast yfir 20.000 Bandaríkjamenn árlega af þeim vestræna sið að sofa í upphækkuðu rúmi með ábreiður og kodda.

Árið 2014 var ég búsett í London. Fjölmiðlar fluttu stöðugar fréttir af yfirvofandi hryðjuverkaógn og stjórnvöld lýstu yfir neyðarástandi. Ástvinir lögðu áherslu á að ferðir mínar til vinnu yrðu ekki farnar með neðanjarðarlest – mun fremur gangandi, hjólandi eða með leigubíl. Hins vegar voru margfalt meiri líkur á að ég myndi látast í bílslysi, hjólaslysi eða við það að falla um gangstéttarbrún. Stöðugur fréttaflutningur af hryðjuverkaógn leiddi hins vegar til þess að almenningur ofmat þá tilteknu hættu, en vanmat fjölmargar aðrar.

Tæplega 3.000 manns létust í hræðilegum hryðjuverkaárásum á Bandaríkin árið 2011. Sama ár létust um 20.000 Bandaríkjamenn af slysförum í rúminu. Stöðugur fréttaflutningur af yfirvofandi hryðjuverkaógn gerði heimsbyggðina óttaslegna en fáir reyndust sérlega óttaslegnir við háttatímann.

Árlega verða um 860 slys með meiðslum í umferðinni hérlendis. Jafnframt eru áætluð 80 ótímabær dauðsföll af völdum svifryksmengunar. Um 70-80% fólks ferðast til vinnu á bifreið, flestir án þess að leiða hugann að slysatölum og dánartíðni.

Íslendingum hefur gengið vel í baráttunni við kórónaveiruna, þó margir hafi sannarlega farið illa úr faraldrinum. Nú þegar 90% fullorðinna eru bólusett er kórónaveirusmit ekki stærsta ógnin við líf og heilsu manna. Þegar fólk er daglega áminnt um yfirvofandi hættu með reglulega uppfærðum smittölum skynjar það hugsanlega meiri ógn en ástæða er til. Hætturnar eru allt um kring og þær algengustu fáum við sjaldnast fréttir af.

Það er lífshættulegt að vera þátttakandi í lífinu. Öll munum við óhjákvæmilega deyja. Við megum hins vegar ekki vera svo óttaslegin við dauðann að við látum lífið fara fram hjá okkur.

Afléttingar strax. ■

> Það er lífshættulegt að vera þátttakandi í lífinu.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Félag lítilla og meðalstórkaupmanna

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Stofnun nýs hagsmunafélags lítilla og meðalstórra fyrirtækja, Atvinnufjelagsins, er á döfinni. Frá bæjardyrum Félags atvinnurekenda (FA) séð er stofnun þessa félags fagnaðarefni; við höfum haft þá afstöðu að samkeppni í hagsmunagæzlu fyrir fyrirtæki sé af hinu góða, rétt eins og á öðrum mörkuðum og að því fleiri sem láta sig hag fyrirtækjanna varða, þeim mun betra sé það. Það er því ástæða til að bjóða Atvinnufjelagið velkomið til leiks. FA dregur ekki í efa að tilefni verður til samstarfs og samstöðu með hinu nýja félagi þegar fram líða stundir, enda erum við í sama liði, með fyrirtækjunum í landinu.

Stofnendur félagsins virðast hins vegar að einhverju leyti hafa fengið rangar upplýsingar um starfsemi FA, sem meðal annars komu fram í grein Ómars Pálmasonar, stjórnarmanns í undirbúningsstjórn Atvinnufjelagsins, í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag. Mér er ljúft og skylt að leiðrétta nokkur atriði.

Lítil og meðalstór fyrirtæki eru uppistaðan

Í fyrsta lagi heldur Ómar því fram að áherzla FA á lítil og meðalstór fyrirtæki sé nýtilkomin og að félagið hafi reynt að höfða til „þessa hóps sem aldrei hefur átt þar rödd.“ Félagið höfði til „fámenns hóps stórfyrirtækja“. Þetta eru mikil öfugmæli. Yfirgnæfandi meirihluti fyrirtækja í FA eru lítil og meðalstór fyrirtæki og þau eiga þar svo sannarlega rödd. Í stjórn félagsins sitja til dæmis fulltrúar fyrirtækja með tvo, tíu, tuttugu, 40, 100 og 180 starfsmenn. Reglulega er leitað eftir sjónarmiðum og tillögum félagsmanna um það hvernig félagið geti bætt þjónustuna við þá og baráttu sína fyrir hagsmunum félagsmanna og þaðan eru sprottin flest baráttumál félagsins. Þar má nefna áherzlu á lægri fyrirtækjaskatta og eftirlitsgjöld, lækkun og afnám tolla og vörugjalda, einfaldara regluverk fyrir fyrirtækin, lækkun launatengds kostnaðar og skilvirkari samkeppnislöggjöf og -eftirlit sem verji smærri fyrirtækin fyrir ofríki þeirra stærri eða hins opinbera.

Nafnbreyting af gildri ástæðu

Annar af stofnendum Atvinnufjelagsins, Þorkell Sigurlaugsson, vísaði í útvarpsviðtali á dögunum til fyrra nafns FA, Félag stórkaupmanna, til vitnis um að félagið væri ekki hugsað fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Nafni félagsins var einmitt breytt árið 2010 vegna þess að það endurspeglaði ekki lengur fyrirtækin í félaginu. Þau voru þá langflest lítil og meðalstór fyrirtæki í verslun og milliríkjaviðskiptum, félög í sjálfstæðum rekstri sem oft einkennist af því að eigendurnir reka þau sjálfir. Við nafnabreytinguna ítrekaði FA að félagið væri málsvari minni og meðalstórra fyrirtækja. Sú áherzla hefur ekki breytzt.

Eitt fyrirtæki – eitt atkvæði

Á árunum sem síðan eru liðin hefur hópur félagsmanna FA breikkað verulega. Félagið hefur oft verið kostur minni fyrirtækja sem veita stór- eða ríkisfyrirtækjum samkeppni og hrista upp í markaðnum, til dæmis í flutningum, fjarskiptum, eldsneytissölu, áætlunarflugi, póstdreifingu, fræðslustarfsemi og þannig mætti áfram telja. Sum þessara fyrirtækja hafa orðið stór – en það þýðir ekki að þau séu ráðandi innan félagsins.

Ómar gleymdi nefnilega í öðru lagi að fjalla um það, þegar hann gagnrýndi Samtök atvinnulífsins fyrir að þar færi atkvæðavægið eftir stærð fyrirtækja og þeir stóru réðu, að þannig er Félag atvinnurekenda ekki byggt upp. Í félaginu hefur hvert fyrirtæki eitt atkvæði.

Fyrirtækin nota þjónustuna og eru ánægð með hana

Í þriðja lagi skrifar Ómar að flest lítil og meðalstór fyrirtæki nýti sér ekki þjónustu atvinnurekendasamtakanna nema að litlu leyti. Nú get ég ekki svarað fyrir Samtök atvinnulífsins, en hjá FA gerum við reglulega kannanir meðal aðildarfyrirtækja okkar og niðurstaðan úr þeirri síðustu var t.d. að 77% félagsmanna nýttu lögfræðiþjónustuna okkar, 68% nýttu aðstoð við hagsmunagæzlu, 54% nýttu þjónustu vegna kjarasamninga og 49% fylgdust með félagsfundum. Þá er ónefnd upplýsingaþjónusta sem FA hefur veitt félagsmönnum sínum um þróun heimsfaraldursins, lög og reglur, sóttvarnir og stuðningsúrræði og 93% félagsmanna nýttu sér á síðasta ári.

Á heildina litið segjast 83% félagsmanna FA ánægð eða mjög ánægð með þjónustu félagsins og er þar ekki munur á stærri og minni fyrirtækjum, enda leggjum við okkur fram um að veita öllum félagsmönnum góða þjónustu. Það má hins vegar alltaf gera enn betur og stofnun nýs atvinnurekendafélags er að sjálfsögðu hvatning í því efni. Samkeppni brýnir menn alltaf til dáða og þess vegna er ástæða til að fagna stofnun Atvinnufjelagsins. ■

STILLANLEGIR DAGAR

25%

AFSLÁTTUR

SERTA OCEAN SPLENDID
STILLANLEGT RÚM

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmir og mýkri við axlir. Þannig liggur þú með beina hryggsúlu hver sem svefnstaða þín er og það hjálpar þér að ná hámarkshvíld. Með svæðaskiptingunni tryggir þú einnig að hreyfingar þínar trufla ekki rekkjunaut þinn. Hægt er að sérsníða rúmið eftir þínum þörfum; velja um þrjá mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi toppdýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt, ofnæmisfrítt og andar vel.

Verðdæmi: Serta Ocean Splendid rúm
2 x 80 x 200 cm. Fullt verð: 649.900 kr.

Verð nú 487.425 kr.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

Farvegir vísindalegrar nýsköpunar

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Einar Mäntylä
framkvæmdastjóri Auðnu tæknitorgs

Stefna stjórnvalda um rannsóknir og nýsköpun er skýr, en á heimasíðu Stjórnarráðsins segir: „Rannsóknir og nýsköpun gegna lykilhlutverki í efnahagslegri þróun, menningu og velferð og efla getu samfélagsins til þess að mæta samfélagslegum áskorunum.“

Með grunnrannsóknum er sköpuð ný þekking sem er grunnur að frekari rannsóknum og framtíðarþróun sem skilar sér í samfélagslegum áhrifum, t.d. í formi vöru, aðgerða, aðferða eða heilla kerfa. Leiðin frá áhugaverðum rannsóknarniðurstöðum að nýsköpun og hagnýtingu getur verið býsna löng og flókin. Nægir í því sambandi að líta til Nóbelsverðlauna sem eru veitt fyrir áratuga gamlar uppgötvanir sem löngu síðar leiða til mikilvægrar nýsköpunar og áhrifa í samfélaginu.

Vísindalegar rannsóknir hafa skapað ný tæknisvið sem gjörbylt hafa heiminum og má sem dæmi nefna gervigreind, skammtatölvur, líftækni, nanótækni. Viðfangsefni vísinda eru viðameiri nú en nokkru sinni áður enda fást þau við stærstu áskoranir mannkyns, heilbrigðismál, matvælaöryggi, sjálfbærni og loftslagsmál svo nokkur dæmi séu nefnd.

Komum vísindum í vinnu

Það krefst markviss stuðnings að tryggja að vísindalegar rannsóknir verði að nýsköpun sem skilar sér til samfélagsins. Háskóli Íslands ásamt öðrum háskólum, rannsóknastofnunum, Landspítalanum, Samtökum iðnaðarins og Vísindagörðum, leiddi stofnun Auðnu tæknitorgs í lok árs 2018. Auðna tæknitorg sinnir þekkingar- og tækniyfirfærslu, sem er kjarnastarfsemi í nýsköpun hvarvetna í samanburðarlöndum okkar. Í því felst að greina og leggja mat á niðurstöður og nýnæmi rannsókna, tryggja eftir atvikum hugverkavernd og að hjálpa vísindamönnum og frumkvöðlum áleiðis með verkefni sín og tengja þau við færni og fjármagn svo að verkefnin verði að raunverulegum lausnum úti í samfélaginu – með öðrum orðum að koma vísindunum í vinnu.

Í vísinda- og tæknistefnu Íslands 2020-2022 er framlag þekkingar- og tækniyfirfærslu viðurkennt sem mikilvægur liður í vistkerfi rannsókna og nýsköpunar. Hugverkastefna stjórnvalda 2016-2022 leggur áherslu á mikilvægi verðmætasköpunar sem byggist á uppfinningum og þekkingu úr rannsóknarstarfi. Tækniyfirfærsla er farvegurinn til þess og órjúfanlegur hluti af nýsköpunarferli rannsókna og hana þarf að fjármagna eins og rannsóknirnar sjálfar, líkt og bent var á í nýrri skýrslu OECD (OECD Economic Surveys: Iceland 2021). Án tækniyfirfærslu minnka líkur til þess að rannsóknir verði að nýsköpun og mæti þeim fjölmörgu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í dag.

> Til þess að vísindaleg nýsköpun geti skilað sér til samfélagsins þarf keðjan frá vísindum til nýsköpunar og lausna að vera órofin og farvegurinn til þekkingarsamfélagsins að vera til staðar.

Til þess að vísindaleg nýsköpun geti skilað sér til samfélagsins þarf keðjan frá vísindum til nýsköpunar og lausna að vera órofin og farvegurinn til þekkingarsamfélagsins að vera til staðar. Þessi keðja getur ekki verið sterkari en veikasti hlekkur hennar og ekkert á þessari vegferð gerist af sjálfu sér.

Auðna er nauðsynlegt verkfæri háskóla- og vísindasamfélagsins sem þarf stuðning stjórnvalda til að tryggja að nýsköpun finni sinn farveg og gegni lykilhlutverki í efnahagslegri þróun samfélagsins. ■

Ólögmæt skerðing sérstakrar uppbótar á lífeyri

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ

Opið bréf til Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra.

Hinn 1. október sl. féll dómur í Landsrétti í máli einstaklings gegn Tryggingastofnun ríkisins. Ágreiningur málsins laut að skerðingu sérstakrar uppbótar á lífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Þessi uppbót greiðist eingöngu þeim örorkulífeyrisþegum sem hafa tekjur undir framfærsluviðmiði laganna og geta ekki framfleytt sér án hennar. Sérstaka uppbótin á þannig að tryggja örorkulífeyrisþegum tilteknar lágmarkstekjur sem löggjafinn hefur ákveðið að enginn örorkulífeyrisþegi skuli lenda undir (nú 265.044 kr. á mánuði).

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á þetta eðli uppbótarinnar og þá staðreynd að viðtakendur hennar er tekjulægsti hópur örorkulífeyrisþega. Fullyrða má að einstaklingar í þeim hópi búa við sára fátækt og eiga almennt ekki aðra möguleika til framfærslu en þá aðstoð sem kveðið er á um í lögunum.

Með dómi Landsréttar er því slegið föstu að skerðing sérstakrar uppbótar vegna fyrri búsetu örorkulífeyrisþega erlendis hafi verið ólögmæt. Það leiðir af þessari niðurstöðu að ráðherra hefur ekki gætt þess að tryggja þessum hópi örorkulífeyrisþega þau réttindi sem Alþingi hefur mælt fyrir um í lögum heldur þvert á móti skert þau niður fyrir lögbundið lágmark með reglugerð. Afleiðing þessarar stjórnarframkvæmdar er sú að á annað þúsund einstaklinga hafa um margra ára skeið ekki fengið þá aðstoð til framfærslu sem löggjafinn hefur þó ákveðið að þeir skuli njóta.

Mikilvægt er að taka það skýrt fram að skerðing sérstakrar uppbótar byggir ekki á því að lágmarksframfærsla umræddra einstaklinga sé tryggð með öðrum hætti. Raunar liggur ekki fyrir neitt mat stjórnvalda á því að framfærsla þessara einstaklinga sé tryggð. Þvert á móti liggur fyrir að þeir sem verða fyrir skerðingunni eru einstaklingar sem ekki eru taldir geta framfleytt sér án þess að fá óskerta uppbót. Stjórnvöld eru því fyllilega meðvituð um að þeir einstaklingar sem fá skerta uppbót hafa ekki tekjur sem nægja til framfærslu. Stjórnvöld mega þannig vita að með ákvörðun sinni um skerðingu sérstakrar uppbótar hafa þau gert hlutaðeigandi einstaklingum að draga fram lífið á tekjum sem eru undir þeim framfærslumörkum sem löggjafinn hefur ákveðið.

Nú hafa bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Landsréttur komist að þeirri niðurstöðu að þessi skerðing á sérstakri uppbót sé ólögmæt. Fyrir liggur að uppbætur hafa verið skertar með þessum ólögmæta hætti í mörg ár. Það mál sem dæmt var í Landsrétti 1. október sl. var höfðað fyrir fimm árum síðan. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu fyrir rúmum þremur árum að búsetuskerðingar væru ólögmætar. Þrátt fyrir það hefur skerðingunum verið haldið áfram og er enn.

Öryrkjabandalag Íslands telur að nú hljóti stjórnvöld að láta staðar numið en haldi ekki áfram að skerða með ólögmætum hætti lágmarksgreiðslur sem ætlaðar eru því fólki sem telst til allra fátækasta fólks á Íslandi. Þá hljóti stjórnvöld að hafa frumkvæði að því að bæta þeim sömu það sem Tryggingastofnun hefur ranglega af þeim tekið. Ef rétt á að vera er nauðsynlegt að slíkar bætur taki til alls þess tímabils sem hinar ólögmætu skerðingar hafa staðið yfir.

> Öryrkjabandalag Íslands telur að nú hljóti stjórnvöld að láta staðar numið en haldi ekki áfram að skerða með ólögmætum hætti lágmarksgreiðslur sem ætlaðar eru því fólki sem telst til allra fátækasta fólks á Íslandi.

Sem heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi telur Öryrkjabandalagið sig eiga tilkall til skýrra svara ráðherra málaflokksins og forystumanna ríkisstjórnarinnar um hvernig ráðherra og ríkisstjórn hyggst bregðast við þeirri niðurstöðu dómstóla sem nú liggur fyrir.

Vænst er svara við þessu erindi á næstu dögum og að þeim fengnum verður tekin ákvörðun um hvert verði framhald þessa máls af hálfu Öryrkjabandalags Íslands. ■

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins sent rafrænt

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 19. október 2021

Finneas O'Connell og systir hans, Billie Eilish á frumsýningu Bond.

Með eigin hljómplötu

elin@frettabladid.is

Finneas O'Connell var að gefa út sína fyrstu stóru hljómplötu sem hann nefnir Optimist en hefur þó áður gefið út lög, til dæmis Blood Harmony sem kom út fyrir tveimur árum. Finneas hefur starfað með heimsfrægum tónlistarmönnum og ber þar helst að nefna systur hans, Billie Eilish.

Finneas er bandarískur söngvari, lagasmiður, hljóðverkfræðingur og leikari. Hann hefur unnið átta Grammy-verðlaun. Finneas hefur unnið með Camilu Cabello, Selenu Gomez og John Legend svo einhverjir séu nefndir.

Finneas er þekktur fyrir hlutverk sitt sem Alistair í Fox, gamanþáttaröðinni Glee og Modern Family. Hann hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem lagahöfundur og framleiðandi og þykir hafa sérstaka tónlistartjáningu. Laglínur hans þykja sterkar og segja sögur.

Óhefðbundnar leiðir

Finneas, sem er aðeins 24 ára, þykir fara óhefðbundnar leiðir í tónlist sinni. „Hann er í raun eins og málari eða skáld og hann fangar þessar miklu tilfinningar með því að einbeita sér að smáatriðunum," er haft eftir samstarfskonu hans, Camilu Cabello, í New York Times.

Önnur samstarfskona, Tove Lo, sænsk söngkona og lagahöfundur, vann með Finneas árið 2019. Hún segir í viðtali við NYT að Finneas sé góður í að finna „taugina" í lagi. ■

Hjónin Vignir og Ólafía eru samheldin og hafa notið þess að vinna að byggingu pakkhússins frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Glæsilegur skandinavískur stíll

Í Grindavík hefur risið fallegt pakkhús sem þegar er orðið eitt af fallegustu og mest áberandi kennileitum bæjarins. Húsið er reisulegt, tvílyft, svart á litinn með hvítum gluggum. 2

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Pakkhúsið minnir óneitanlega á verslunarhús frá 19. öld og er minnisvarði um liðna tíð og sögu okkar og verslunar. Húsið hýsir meðal annars handverkssölu, vinnustofu og smíðaverkstæði handverksmannsins Vignis Kristinssonar sem er betur þekktur sem Kristinsson. Vignir og eiginkona hans Ólafía Kristín Jensdóttir og fjölskylda reistu húsið og tóku það í notkun á síðasta ári.

„Húsið er hannað og byggt af okkur hjónunum og það má með sanni segja að ég þekki nánast hverja einustu fjöl," segir Vignir. Húsið er merkt Kristinsson Handmade þar sem allir eru velkomnir að koma og kynna sér handverk Vignis. Vignir er fæddur og uppalinn í Reykjavík til 14 ára aldurs en flutti þá til Grindavíkur en Ólafía er fædd og uppalin í Grindavík. „Ég hef frá unga aldri haft ástríðu fyrir smíðum og fallegu handverki og hef smíðað mér til ánægju og gefið heimilum sjarma af vönduðum innréttingum og húsgögnum úr gegnheilum viði af náttúrunnar hendi," segir Vignir.

Hreindýrin mörkuðu tímamót

Segðu okkur aðeins frá handverki þínum Vignir og hvernig þetta byrjaði allt saman.

„Ég hef alltaf haft gaman af að smíða og fyrir tíu árum byrjaði ég á hreindýrunum og var svo heppinn að verslunin Mýrin tók þau í sölu.

Í framhaldi bættust fleiri hönnunarverslanir við," segir Vignir og það má með sanni segja að hreindýrin hafi komið Vigni á flug í handverksheiminum.

Í pakkhúsinu er Vignir með handverkssölu sína, smíða- »

Pakkhúsið stendur í hjarta bæjarins, húsið er bæði reisulegt og fallegt og minnir á fortíðina. Útsýnið frá efri hæðinni snýr að gosstöðvunum.

Efri hæðina einkennir stílhreinn skandínavískur stíll þar sem rómantíkin svífur yfir.

Cappuccino-liturinn er í forgrunni, með fallegum dökkbæsuðum eikarlit sem mótvægi . Til að mynda er eyjan í eldhúsinu hönnuð og smíðuð af Vigni, með þessari fullkomnu blöndu af efnivið og litapallettu.

Á smíðaverkstæðinu gerast töfrarnir, hér nýtur Vignir sín best þar sem hann vinnur að handverkum sínum af ástríðu og natni.

» verkstæðið og á efri hæðinni er hann búinn að hanna og útbúa einstaklega fallega íbúð þar sem rómantíkin svífur yfir. Útsýnið út um gluggana á efri hæðinni, sem snúa til austurs, skartar meðal annars hinni margfrægu gosstöð í Geldingadölum.

Staðsetningin heillaði strax

Segðu okkur hvernig það kom til að þið ákváðuð að fara í þessa framkvæmd og byggja þetta reisulega og fallega pakkhús.

„Þegar ég sá fram á að geta ekki haldið áfram að vera í beitningaskúrnum þar sem ég var búinn að koma mér fyrir blasti það við að ég þurfti að finna leiguhúsnæði fyrir smíðaverkstæðið mitt eða byggja nýtt.“

Svo fór að Vignir ákvað að byggja nýtt og gera húsið að sínu. Þegar kom að vali á staðsetningu var Vignir með það á hreinu hvar hann vildi vera. „Kosturinn við þessa staðsetningu er að hún er í hjarta bæjarins, það heillaði mig strax.“

Þið hönnuðuð og byggðuð húsið sjálf. Voruð þið strax komin með mynd af því í huganum hvernig þið vilduð hafa það?

„Byggingrafulltrúinn sagði mér að húsið þyrfti að vera tvílyft sem var alls ekki það sem ég hafði haft í huga og ég þurfti ekkert á því að halda. En á leiðinni frá byggingarfulltrúanum mundi ég allt í einu eftir fallegu pakkhúsunum á Hofsósi. Þannig varð myndin til af húsinu og fyrirmyndin heillaði okkur bæði.“

Hvað tók langan tíma frá því að þið byrjuðuð að reisa húsið og þangað til það var tilbúið til notkunar?

„Þann 15. júní 2018 var fyrsta skóflustungan tekin og við hófum verkið. Um mánaðamótin október, nóvember 2019 var neðri hæðin tilbúin og á dögunum vorum við að ljúka við efri hæðina og höfum hug á því að leigja hana út.

Hún er í raun klár til útleigu og útsýnið að gosstöðvunum er stórfenglegt þó ég segi sjálfur frá,“ segir Vignir og brosir breitt.

Skandinavískur blær með rómantísku ívafi

Flestir innanstokksmunir eru hannaðir og smíðaðir af Vigni sem og húsgögn.

Hvar fékkstu innblásturinn að öllum þessu fallegu húsgögnum og innanstokksmunum?

„Ég upplifði ekki að það hefði verið einhver innblástur heldur kom þetta bara eitt af öðru. Loftið var til að mynda mikil áskorun því það þurfti að vera gips í loftunum. Ég sá fyrir mér að það þýddi ekkert að setja heilar gifsplötur í loftið því það hlyti að springa allt með tíð og tíma. Ég fékk þá ljómandi góðu hugmynd að saga það niður og skarklæða.“

Þegar Vignir er beðinn um að lýsa stílnum innanhúss stendur ekki á svari. „Ég er ekki frá því að það sé skandinavískur blær yfir því. Svo er það líka rómantíkin sem svífur yfir.“

Eyjan í eldhúsinu fangar augað

Eldhúsið er einstaklega fagurlega hannað og eyjan vekur eftirtekt, segið okkur aðeins frá útfærslunni, löguninni, efniviðnum og lit.

„Ytra byrði eyjunnar er úr gegnheilum eikarplönkum sem mig langaði til að litu út eins og sjórekinn viður sem ég bæsaði svo dökkbrúnan.“

Vignir hannaði og smíðaði jafnframt borðstofuborðið sem er mikið prýði á efri hæðinni. „Það er úr gegnheilli eik, bæsaðri grábrúnni, þar sem mig langaði til að plankaútlitið fengi að njóta sín eins og hægt væri.“

Margir hlutirnir inni á efri hæðinni eiga sér sögu og hafa tilfinningalegt gildi fyrir Vigni. „Til dæmis litli skápurinn undir sjónvarpinu, hann smíðaði ég fyrir mömmu og pabba fyrir um það bil 30 árum sem ýtti mér í þá átt sem ég er í dag. Ljósið sem prýðir baðherbergið er 40 ára gamalt frá mömmu og pabba og hefur líka mikið tilfinningalegt gildi fyrir mig enda fylgt fjölskyldunni lengi.“

Ljósið á baðherberginu er 40 ára gamalt og hefur tilfinningalegt gildi fyrir Vigni. Margir hlutir eiga sína sögu.

Handverk Vignis prýðir gluggana í Pakkhúsinu og hver og einn hlutur er handsmíðaður og enginn eins.

> **Ég er ekki frá því að það sé skandinavískur blær yfir því. Svo er það líka rómantíkin sem svífur yfir.**
>
> Vignir Kristinsson

Cappuccino-litur í forgrunni

Litapallettan á veggjunum tónar vel við húsbúnaðinn og rammar gluggana fallega inn. Hér er um að ræða eins konar cappuccino-lit sem er bæði stílhreinn og hlýr. Til að mynda er baðherbergið einkar rómantískt og hafa litapalletturnar mikið um það að segja. „Þar sem baðherbergið er ekki stórt reyndum við að hafa það eins látlaust og hægt væri en samt hlýlegt.“

Gluggaljósin í rýminu á efri hæðinni koma einnig ótrúlega vel út og það má með sanni segja að vel hafi tekist til við að velja réttu lýsinguna fyrir allt rýmið. Persónulegur blær þeirra hjóna setur punktinn yfir i-ið og húsið allt hefur bjart yfirbragð hvert sem litið er. ■

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Verkfræði og arkitektúr

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 19. október 2021

Kynningar: Mannvit, Efla, Vista, ONNO, Verkís, VSÓ ráðgjöf, Fanntófell

Hjá Mannviti er öflugur hópur á sviði vottunar á sjálfbærni mannvirkja og skipulags, undirbúnings grænna fjárfestingarverkefna og umhverfismála. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Skapa og stuðla að sjálfbæru samfélagi

Mannvit verkfræðistofa hefur skilgreint hlutverk sitt sem er að skapa og stuðla að sjálfbæru samfélagi enda geta verkfræði- og ráðgjafarstofur haft mikil áhrif til góðs þegar kemur að skipulagi innan hins byggða umhverfis. 2

„Mannvit finnur fyrir miklum áhuga á verkefnum á sviði sjálfbærni hjá sínum viðskiptavinum og er með öflugt þverfaglegt teymi innan fyrirtækisins sem kemur að ráðgjöf og þjónustu fyrir viðskiptavini á sviði sjálfbærni. Meðal þess sem dregur áfram áhuga viðskiptavina eru aukin sjálfbærnivitund í samfélaginu, vilji til að gera vel og grænn fjármögnun," segir Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti.

Grænn fjármögnun og vottanir

Á síðustu misserum hefur orðið mikil aukning í svokallaðri grænni fjármögnun. Það þýðir að verkefni sem teljast hafa minni loftslagsáhrif en hefðbundin verkefni hafa möguleika á að fá hagstæðari fjármögnun. Þar má nefna grænn húsnæðislán og grænn bílalán hjá viðskiptabönkum, og grænna skuldabréfaútgáfu hjá fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum.

Inn í grænna fjármögnun falla mörg verkefni sem Mannvit kemur að, svo sem vottaðar byggingar, endurnýjanlegir orkugjafar og uppbygging innviða fyrir orkuskipti í samgöngum.

„Við sjáum vel í okkar verkefnum að grænn fjármögnun hefur mikil áhrif á okkar viðskiptavini þegar kemur að því að huga að sjálfbærni í sínum verkum. Gjarnan er viðskiptavinur að fara nýjar, ótroðnar slóðir sem hefur meiri óvissu í för með sér eða er kostnaðarsamari en hefðbundnar aðferðir. Þá vegur grænn fjármögnun upp á móti þessum kostnaði," greinir Sandra Rán frá.

„Mannvit aðstoðar sína viðskiptavini í að kortleggja aðgerðir sem geta fallið inn í grænna fjármögnun ásamt því að skilgreina svokallaða grænna ramma fyrir grænna skuldabréfaútgáfu."

Hvaða hverfi eru sjálfbærnivottuð?

Hið byggða umhverfi hefur meiri áhrif á umhverfi og samfélag en margan grunar. Meðal annars þegar kemur að losun gróðurhúsalofttegunda, mengun, nýtingu auðlinda, og upplifun og hegðun íbúa. Með vottunarkerfum er lögð áhersla á að lágmarka lífsferilsáhrif framkvæmda og auka jákvæð áhrif á bæði umhverfi og samfélag.

„Áhugi á BREEAM Communities-sjálfbærnivottun á skipulagi hefur aukist undanfarin ár. Urriðaholt og Vífilsstaðaland í Garðabæ eru vottuð og Mannvit vinnur nú að vottunum á fjórum öðrum verkefnum; Orkureit og Ártúnshöfða í Reykjavík, miðbæ Selfoss og atvinnukjarna í Blikastaðalandi í Mosfellsbæ," upplýsir Ólöf Kristjánsdóttir, fagstjóri samgangna hjá Mannviti.

„Vottun á byggingum hefur aukist til muna, bæði Svansvottun og BREEAM-vottun, og kemur Mannvit meðal annars að Svansvottun á Kársnesskóla og BREEAM-vottun nýs hjúkrunarheimilis á Húsavík, ásamt fjölmörgum öðrum verkefnum," segir Sandra.

»

» Hvaða þýðingu hefur vottun bygginga og hverfis fyrir íbúa?

„Matskerfi eins og BREEAM er einkunnakerfi; því hærri einkunn sem verkefni fær, því meira hefur skipulags- og hönnunarvinnan verið í samræmi við ýmis atriði í matskerfinu til að auka sjálfbærni þess. Að fylgja matskerfi eins og BREEAM er eins og að vinna með risastóran gátlista, og því meira sem unnið er samkvæmt honum því meiri verða gæði og sjálfbærni skipulagsvinnunnar og hverfisins til framtíðar," útskýrir Ólöf.

Verslun og þjónusta í nærumhverfinu

Dæmi um kröfur BREEAM-vottunar er að samráð við yfirvöld, stofnanir, íbúa og fleiri sé rauður þráður í gegnum alla vinnuna og að gerð sé samráðsáætlun, þannig að hagsmunaaðilar eigi þátt í mótun skipulagsins eða hönnun byggingarinnar.

„Uppbyggingin skal efla atvinnustarfsemi í nærumhverfinu þegar horft er til skipulags en almennt skal horfa til þess að uppfylla þarfir íbúa og notenda varðandi húsnæði, þjónustu og aðstöðu. Við skipulagsvinnu skal til að mynda gera ráð fyrir verslun og þjónustu, að stutt göngufjarlægð sé í skóla og að gönguleiðir séu aðlaðandi og öruggar," segir Sandra.

„Mannvit aðstoðar sína viðskiptavini í að kortleggja aðgerðir sem geta fallið inn í græna fjármögnun ásamt því að skilgreina svokallaða græna ramma fyrir græna skuldabréfaútgáfu.

Sandra Rán Ásgrímsdóttir

Vellíðan notenda í fyrirrúmi

Mikil áhersla er á gæði opinna svæða og að þau henti fjölbreyttum aldurshópum og stuðli að hreyfingu.

„Kröfur eru um veðurfarsmiðað skipulag, staðaranda, hljóðvist, lýsingarhönnun, aðgengi að grænum svæðum, gróðurval og algilda hönnun. Þá er lögð sérstök áhersla á innivist við vottun bygginga og að tryggja gæði innilofts og vellíðan notenda. Við vottun skipulags skal gera mengunarrannsókn, flóðahættumat og vistfræðistefnu, og auka líffræðilegan fjölbreytileika ef mögulegt er. BREEAM leggur ríka áherslu á sjálfbæra meðhöndlun vatns og innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna," skýrir Ólöf frá.

Auðlindanotkun og endurvinnsla skiptir máli

Orku- og auðlindanotkun, hvort sem er nýrra skipulagssvæða eða nýrra bygginga, er töluverð og mikilvægt að huga að því hvernig hægt sé að gera hana sem skilvirkasta.

„Dæmi um þetta í skipulagsvinnu er þegar byggingar nýta dagsbirtu sem best, notuð er vélræn loftræsting með varmaendurvinnslu eða settar eru kvaðir um einangrunargildi til að lágmarka orkunotkun. Gerðir eru svokallaðir orkuútreikningar til að áætla orkunotkun. Þá skal leggja mat á núverandi byggingar og innviði og meta hvað sé hægt að endurnota eða endurvinna. Einnig er hvatt til þess að endurvinna eða endurnýta efni eins og kostur er í öllu hönnunar- og framkvæmdaferli uppbyggingarinnar. Þá er hvatt til þess við hönnun og framkvæmd nýrra bygginga að gera greiningu á heildar umhverfisáhrifum bygginga á hönnunarstigi og taka ákvarðanir með það að markmiði að lágmarka þau áhrif," upplýsir Sandra.

Nýtt og glæsilegt hjúkrunarheimili á Húsavík er eitt af verkefnum Mannvits verkfræðistofu þegar kemur að BREEAM-sjálfbærnivottun. MYND/ARKÍS

Mannvit vinnur nú að BREEAM Communities sjálfbærnivottun á Orkureitnum í Reykjavík. MYND/ARKÍS

Ólöf Kristjánsdóttir, fagstjóri samgangna, og Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannvit verkfræðistofu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Einnig skal skipulagið styðja við aðgengi fólks að vinnu, þjónustu og afþreyingu með sjálfbærum ferðamátum.

Ólöf Kristjánsdóttir

Sjálfbærar samgöngur hverfis

Við vottun skipulags skal gera samgöngumat og bæta umhverfislega sjálfbærni hverfisins.

„Til dæmis með því að minnka ferðaþörf og -lengdir með bílum og styðja við sjálfbæra ferðamáta með bættum innviðum fyrir göngu, hjólreiðar og almenningssamgöngur," greinir Ólöf frá.

Einnig skal skipulagið styðja við aðgengi fólks að vinnu, þjónustu og afþreyingu með sjálfbærum ferðamátum.

„Kröfur eru um örugg og aðlaðandi göturými, hjólaleiðir og -stæði, þjónustutíma og tíðni almenningssamgangna og gæði stoppistöðva. Það á við um bæði vottun skipulags og byggingar. Stig fást ef bílastæðafjöldi er ákvarðaður út frá framboði almenningssamgangna, að hvaða leyti skipta megi bílferðum út fyrir sjálfbærari samgöngumáta og því að nota landrými á hagkvæman hátt. Einnig að hönnun bílastæða, að þau falli vel inn í byggðina og séu örugg," upplýsir Ólöf. ■

„Áhugi viðskiptavina Mannvits er vegna aukinnar sjálfbærnivitundar í samfélaginu, vilja til að gera vel og grænnar fjármögnunar.

Sandra Rán Ásgrímsdóttir

Mannvit verkfræðistofa er í Urðarhvarfi 6 í Kópavogi. Sími 422 3000. Allar nánari upplýsingar um Mannvit á mannvit.is.

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

Góður árangur í lækkun kolefnisspors

EFLA er þekkingarfyrirtæki sem veitir sérfræðiráðgjöf á sviði verkfræði, tækni og tengdra greina ásamt því að stunda nýsköpun og þróun.

EFLA veitir ráðgjöf í rúmlega 3.000 verkefnum árlega og er því áhrifamáttur fyrirtækisins mikill til að veita lausnir sem hafa jákvæðari umhverfisleg áhrif og í því samhengi er sérstaklega horft til loftslagsmála. Umhverfisráðgjafar EFLU koma nú inn í upphafi allra verkefna og vinna með verkefnisteyminu við að leita leiða til að bæta lausnina með tilliti til umhverfisins, sjálfbærni og jákvæðari umhverfisáhrifa. Fyrirtækið hefur verið brautryðjandi í vistvænni hönnun og vottun bygginga hérlendis og veitir öfluga ráðgjöf þar að lútandi.

Margs konar verkefni

Hjá EFLU starfa viðurkenndir matsmenn fyrir BREEAM vottunarkerfið og meðal nýlegra verkefna varðandi vistvæna hönnun og vottun eru: Sjúkrahótel Landspítalans, stækkun gestastofu Þingvallaþjóðgarðs, Snæfellsstofa í Vatnajökulsþjóðgarði, meðferðakjarni nýs Landspítala, skrifstofubygging fyrir Alþingi, Hús íslenskra fræða, þjóðgarðsmiðstöð Snæfellsjökulsþjóðgarðs, hjúkrunarheimili í Árborg, hjúkrunarheimili á Höfn, stækkun á Flugstöð Leifs Eiríkssonar Isavia, þjónustubygging í Kerlingarfjöllum og

Norðurturninn við Smáralind. Að sögn Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, sviðsstjóra samfélagssviðs, leggur EFLA mikla áherslu á umhverfismál og samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Fyrirtækið hefur unnið að fjölmörgum rannsókna- og þróunarverkefnum sem miða að því að bæta lausnir með tilliti til umhverfismála. „Með vistvænni hönnun og vottun er tryggt að bygging, eða önnur mannvirki, hafi sem minnst umhverfisáhrif á líftíma sínum, sé heilsusamleg fyrir notendur og að viðhaldsþörf sé sem minnst. EFLA tók þátt í samvinnuverkefninu „Byggjum grænni framtíð“ þar sem þróaður er vegvísir að vistvænni mannvirkjagerð. Fyrirtækið leitast við að sýna frumkvæði í lausnum sínum og nýlegt dæmi um slíkt eru útreikningar á kolefnisspori ólíkra valkosta Sundabrautar fyrir Vegagerðina.

Hringrásarhagkerfið mikilvægt

Ráðgjöf sem snýr að umhverfismálum skipar stóran sess í þjónustu fyrirtækisins og hefur EFLA aðstoðað á þriðja tug fyrirtækja við innleiðingu umhverfisstjórnunar. Nýsköpun og þróun skipar viðamikinn sess í starfseminni. Má þar til dæmis nefna ráðgjöf vegna úrgangsmála, endurvinnslu lífræns úrgangs líkt og var gert við fráveitulausn við Mývatn, vistvænna ofanvatnslausna eins og var gert við hönnun Urriðaholts og vistvæns skipulags, sbr. vinnu við hönnun rammaskipulags fyrir Vífilsstaðaland. „Mikilvægi hringrásarhugsunar í rekstri og daglegu lífi er sífellt að verða þýðingarmeira og þar skorumst við ekki undan. Þannig leggjum við áherslu á vistferilshugsun og notum aðferðafræði vistferilsgreininga (LCA) til að meta hvar í virðiskeðjunni er hægt að draga úr umhverfisáhrifum vöru eða framkvæmda. Við viljum leggja okkar af mörkum við að miðla reynslunni hvað varðar innleiðingu hringrásarhugsunar til árangurs,“ segir Helga og bætir við að þann 28. október verður haldið EFLU-þing um hringrásarhagkerfið í höfuðstöðvum EFLU að Lynghálsi 4 sem er opið öllum meðan húsrými leyfir.

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs og Ólafur Ágúst Ingason, sviðsstjóri byggingasviðs.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Svansvottuð raðhús í Urriðaholti sem hafa góða innivist og lágt kolefnisspor vegna loftslagsvæns efnisvals og góðrar orkunýtingar.

Sjúkrahótel Landspítalans hlaut hæstu BREEAM vistvottun á Íslandi.

Vellíðan í vistvænum húsum

Við hönnun og endurbætur á byggingum leggur EFLA áherslu á heilsu og vellíðan í húsunum. „Þannig leggjum við mikla áherslu á góða innivist; að lýsing, loftgæði og hljóðvist sé góð. Einnig er hugað vel að hitastýringu og varmavist. Það er vandlega gætt að orkunýtingu, að hún sé mun betri en í hefðbundinni íslenskri viðmiðunarbyggingu. Byggingarefni eru valin af kostgæfni, og hönnun miðast við að draga úr loftslagsáhrifum þeirra,“ segir Helga.

„Við endurbætur á nýjum höfuðstöðvum EFLU að Lynghálsi 4 voru vistvæn sjónarmið höfð að leiðarljósi í samræmi við BREEAM vottunarkerfið. Mikil áhersla var lögð á vandað efnisval, loftgæði, hljóðvist og birtu og að lágmarka umhverfisáhrif byggingarinnar yfir líftíma hennar. Þá var rík krafa gerð um umhverfisstjórnun á framkvæmdatíma og er húsnæðið í BREEAM vottunarferli en slík vottun inniheldur meðal annars að byggingar verða sjálfbærari en ella og eru kröfur til BREEAM vottaðra bygginga strangari en byggingarreglugerð.

Vottunarferlið byggir á einkunnagjöf og fékk til dæmis Sjúkrahótel Landspítalans einkunnina excellent.

Góður árangur í lækkun kolefnisspors mannvirkja

Ólafur Ágúst Ingason, sviðsstjóri byggingasviðs, segir að EFLA stefni ávallt að því með hönnun sinni að draga úr kolefnisspori en byggingarefni valda 40% af kolefnisspori nýbyggingar. EFLA hefur náð góðum árangri í að lækka það kolefnisspor bygginga.

„Með byggingu Svansvottaðra raðhúsa í Urriðaholti tókst okkur, ásamt Vistbyggð, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur útblæstri frá rúmlega 400 bensíndrifnum einkabílum í heilt ár, með því að velja vistvænni byggingarefni og auka orkunýtni. Tekið er tillit til þessarar hugmyndafræði með vaxandi hætti við endurgerð bygginga í dag.

EFLA í samstarfi við viðskiptavini sína er alltaf að ýta viðmiðunum í rétta átt og sem dæmi um það er vinningstillaga Regins fasteignafélags, Basalts arkitekta og EFLU í samkeppni C40 um grænar þróunarlóðir á vegum Reykjavíkurborgar.

Í hönnun byggingarinnar verður lögð mikil áhersla á að draga úr kolefnisspori og úrgangi ásamt áherslu á vellíðan notenda með góðri innivist og gróðurveggjum,“ bætir Ólafur við.

Samfélagsleg ábyrgð

Ólafur nefnir að samfélagsleg ábyrgð sé samofin starfsemi EFLU og allra leiða leitað til að skapa lausnir sem stuðla að sjálfbæru samfélagi. „Í nýrri framtíðarsýn fyrirtækisins til ársins 2025 segir að EFLA verði fyrirmynd þekkingarfyrirtækja og brautryðjandi við úrlausn brýnna samfélagsverkefna.

Framtíðarsýnin gefur til kynna þungamiðju samfélagslegrar ábyrgðar í allri starfsemi EFLU. Við viljum vera lykilþátttakandi í að breyta samfélögum í þeim tilgangi að bæta lífsgæði fólks, þróa mikilvæga innviði og stuðla að arðbærara atvinnulífi.

Til að ná þessum árangri leggjum við mikla áherslu á virðisaukandi ráðgjöf, þjónustu og nýsköpun í þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni með sjálfbærni að leiðarljósi.“ ■

Lónin í náttúru Íslands

Varla hafa farið fram hjá neinum öll þau baðlón sem sprottið hafa upp í landinu undanfarin ár. Heiðurinn af stórum hluta þessara tilkomumiklu bygginga eiga arkitektar á arkitektastofunni Basalt. Blaðamaður ræddi við Hrólf Karl Cela, Sigríði Sigþórsdóttur og Marcos Zotes.

johannamaria@frettabladid.is

Menn hafa baðað sig upp úr heita vatninu sem hér rennur um allar trissur síðan land var numið og eru Hrólfur, Marcos og Sigríður sammála um dýrmæti þess að fá tækifæri til þess að þróa þá sögu áfram um land allt. „Það er spennandi að nýta heita vatnið og orkuna sem Ísland hefur upp á að bjóða, en umræðan um vistvænt umhverfi og nýtingu jarðorkunnar hefur verið áberandi upp á síðkastið," segir Sigríður. Fyrsta skrefið í sérhverju verkefni er að kynnast menningarsögu og jarðfræðilegri legu staðarins. Efnisnotkun endurspeglar þá oftar en ekki eiginleika umhverfisins og spilar ríkan þátt í hönnun bygginganna. ■

Sigríður Sigþórsdóttir, Hrólfur Karl Cela og Marcos Zotes, arkitektar á Basalti, hafa öll lagt sitt af mörkum við þróun baðmenningar á Íslandi og hafa frá ýmsu merkilegu að segja um hönnun þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Leiðin í Drangey er sú sama og Grettir synti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sundlaugin á Hofsósi

Sundlaugin á Hofsósi var opnuð 2010. Laugin var gjöf Steinunnar Jónsdóttur og Lilju Pálmadóttur til sveitarfélagsins. „Sérstaða hvers staðar á að fá að njóta sín en um leið þarf arkitektúrinn að þjóna rekstrarlega, fagurfræðilega og upplifunarlega," segir Hrólfur. Laugarhúsið liggur neðarlega við sjóinn og truflar ekki útsýni frá byggðu bóli í þorpinu. Staðsetning laugarinnar tengist svo inn í Íslendingasögurnar þegar Grettir sterki synti út í Drangey. Fjarlægðin frá lauginni og yfir í eyna er sambærileg vegalengdinni sem Grettir synti.

Skrímslið Tuska eða uppstreymi heits vatns?

Skrímslavakir sem aldrei leggur

Vök á Egilsstöðum tengist gömlum sögnum en sagt er að skrímslið Tuska haldi til í vatninu. Undarlegt þótti að ákveðna fleti á stöðuvatninu lagði aldrei að vetrum þó afgangurinn frysi. Menn útskýrðu þetta með skrímsli miklu sem kæmi í veg fyrir það. Svo kom í ljós að á botni vatnsins streymir heitt vatn upp á yfirborðið og myndaði vakir á vatninu. Nú hefur heita vatnið verið virkjað og þjónustar þéttbýlið.

Sagan er endurvakin í heitum laugum sem eru eins og vakir í vatninu þó allt leggi í kring. Heita vatnið sjálft er eina vottaða drykkjarhæfa heita vatnið á landinu. Það er um 70°C heitt og má meðal annars neyta þess í teformi á veitingastaðnum í Vök.

„Ein af okkar reglum er að sækja aldrei innblásturinn langt yfir skammt. Til að tengja umhverfið inn í bygginguna nýttum við trjádrumba sem mót í steypunni. Þannig fengum við andhverfuna af trjánum á veggina og endurspeglum Hallormsstaðarskóg í hönnuninni," segir Hrólfur.

Bláa lónið og hraunið í jarðfræðilegum dans.

Blue Lagoon

Bláa lónið ýtti ævintýrabátnum úr vör. Að mati þremenninganna er Grímur Sæmundssen, eigandi Blue Lagoon, frumkvöðull í því að vekja upp og þróa áfram baðstaðamenninguna á Íslandi. Uppbygging lónsins hófst um 1990 og opnaði fyrsti áfangi verkefnisins árið 1999. Síðasti stóri áfanginn opnaði 2018. Basalt hlaut árið 2018 hönnunarverðlaun fyrir hönnunina á GeoSea á Húsavík og Retreat við Báa lónið. Verðlaunin voru veitt fyrir þróun baðmenningar á Íslandi. „Það voru ansi margir vantrúaðir á þessar stóru fyrirrætlanir Gríms í upphafi og töldu hann setja markið allt of hátt. En þarna setti hann ákveðinn vendipunkt í uppbyggingu ferðamannastaða og vandaðri þjónustu fyrir alla," segir Sigríður.

Jarðsagan er vel nýtt í Bláa lóninu og er hraunið víða tekið inn í hönnun, arkitektúr og efnisnotkun. Það rammar inn baðstaðinn sjálfan en er einnig rammað inn af gluggum og opum í byggingunni líkt og málverk.

Blágrænir þörungar, kísill og salt skapa sérstöðu í lóninu en vatnið býr yfir eiginleikum sem hefur reynst fólki með sóríasis mjög vel. Vegna efnasamsetningar er ekki hægt að byggja úr hvaða efni sem er. „Ef þú gleymir kopar úti í lóninu eða nálægt því, yfir nótt, þá er hann ónýtur á morgun," segir Sigríður.

Fjallaboðin í Þjórsárdal eru stórt og áhugavert verkefni þar sem húsin eru bókstaflega byggð inn í fjallshlíðina.

Fjallaböðin í Þjórsárdal

Í Fjallaböðunum í Þjórsárdal var unnið sérstaklega með landslagið, fjöllin og Rauðakamb í kring með því að fella húsin inn í fjallið. Jarðvegurinn er nýttur til að minnka sjónræn umhverfisáhrif og laga bygginguna að náttúruinni. „Þannig verða jarðsagan og jarðlögin hluti af húsinu," segir Marcos.

„Við erum óhrædd við að nota náttúruleg byggingarefni í húsin. Þá höfum við reynslu af því að samtvinna byggingar umhverfinu svo að náttúran verður hluti af innra rýminu. Þá kemur fyrir að vatnið úti leiti inn en húsið er hannað til að taka á móti rigningunni á eðlilegan hátt eins og umhverfið. Þetta getur um leið orðið mikil upplifun fyrir gesti þar sem mörk þess sem er inni og úti verða óskýr," bætir Hrólfur við.

Heita vatnið er dýrmæt náttúruauðlind og nýtist vel í þessari fallegu byggingu.

Guðlaug

Guðlaug á Langasandi á Akranesi er byggð fyrir tilstuðlan minningarsjóðs hjónanna frá Bræðraparti. „Þegar við fórum að skoða aðstæður hafði geisað stormur sem orsakaði að grjót lá um alla ströndina. Þegar fjarar inn og út myndast litlir pollar í kringum grjótið og veitti það okkur innblástur við hönnunina," segir Hrólfur. Byggingin er í þremur stöllum með útsýnispalli efst og vatnið kemur úr Deildartunguhver.

„Stundum er svo mikill straumur og rok frá Atlantshafinu að öldurnar skella alveg upp að göngustígnum. Við vildum gefa fólki tækifæri til að upplifa kraftinn í öruggu skjóli," segir Hrólfur. Fyrir neðan útsýnispallinn eru tvær laugar. Efri er heitari og býður upp gott skjól. Neðri tekur við affallinu frá efri lauginni og er því kaldari. Með þessu er betri nýting á heita vatninu. Neðri laugin hentar á heitum sumardögum, en er einnig hugsuð sem miðstig fyrir sjósundsiðkendur. „Það getur valdið yfirliði að fara úr of köldum sjónum yfir í of heitt. Hitastig kaldari laugarinnar passar vel sem millistig áður en fólk færir sig yfir í heita pottinn á efri hæðinni," segir Sigríður.



Hilton Reykjavík Nordica
22. október
kl. 13 – 17

DAGUR VERKFRÆÐINNAR 2021

13:00 Setning. Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.
13:10 Ávarp. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra.
13:20 Teningurinn afhentur í fyrsta sinn. Viðurkenning Verkfræðingafélags Íslands.

Húsið opnar kl. 12:30 – heitt á könnunni.

SALUR A
Nýir tímar, ný tækni

Stafrænt Ísland – island.is.
Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Stafræns Íslands.

Vöðvastýrðir gervifætur. Að þróa tækni fyrir fólk.
Jóna Sigurðardóttir, heilbrigðisverkfræðingur hjá Össuri.

Spá fyrir flæði Covid-19 sjúklinga í umsjón Landspítala.
Tómas Philip Rúnarsson, prófessor í iðnaðarverkfræði við HÍ.

Svefnbyltingin og gervigreind.
Erna Sif Arnardóttir, lektor við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík.

Kaffihlé
15.10 – 15.40

BIM og upplýsingatækni í framkvæmdum.
Ingibjörg Birna Kjartansdóttir, þróunarstjóri hjá ÍSTAK.

Snjallar samgöngur ITS Ísland.
Lilja G. Karlsdóttir sviðsstjóri hjá VSB og formaður ITS Ísland.

Innviðir á Reykjanesskaga. Verkfræðileg úrlausnarefni vegna eldgosa.
Hörn Hrafnsdóttir vatnsauðlindaverkfræðingur hjá Verkís.

Verkfræðinemar HÍ. Team Spark kappakstursbíllinn.

Tæknifræði- og verkfræðinemar HR. RU Racing kappakstursbíllinn.

Stjórn: Kolbrún Reinholdsdóttir, í Kvennanefnd VFÍ, verkfræðingur hjá Eflu.

SALUR B
Verkfræðin og umhverfið

Grænar lausnir.
Eggert Benedikt Guðmundsson, verkfræðingur, forstöðumaður Grænvangs.

Greenfo – Hvert er þitt raunverulega kolefnisspor?
Stefán Kári Sveinbjörnsson, verkfræðingur hjá Greenfo.

Matarspor – Kolefnisspor matvæla.
Sigurður Thorlacius, umhverfisverkfræðingur hjá Eflu.

Framleiðsla á rafeldsneyti og grænni efnavöru úr koltvísýringi.
Björn Harðarson, verkfræðingur hjá Carbon Recycling International.

Kaffihlé
15.10 – 15.40

Ný orkustefna fyrir Ísland.
Guðrún A. Sævarsdóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Græna leiðin í byggingum.
Sigríður Ósk Bjarnadóttir dósent við umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

Sjálfbærni samgangna og skipulags. BREEAM og samgöngumat.
Ólöf Kristjánsdóttir, fagstjóri samgangna hjá Mannviti.

Nýtt samgöngulíkan höfuðborgarsvæðisins.
Albert Skarphéðinsson, samgönguverkfræðingur hjá Mannviti.

Stjórn: Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður Kjaradeildar VFÍ.

SALUR H – I
Verkfræðin er allsstaðar

Lærdómur af Flateyrarflóðunum 2020: Hönnun snjóflóðavarnargarða og eðli snjóflóða.
Kristín Martha Hákonardóttir, verkfræðingur hjá Verkís.

Hlutverk verkfræðinga í kjölfar jarðskjálfta.
Sólveig Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Rainrace.

Snjóflóðavarnir á Svalbarða og vefhandbók snjóflóðavarna fyrir Noreg.
Árni Jónsson, byggingarverkfræðingur hjá Hnit.

Mat á stífnieiginleikum jarðvegs með yfirborðsbylgjumælingum.
Elín Ásta Ólafsdóttir, nýdoktor við Háskóla Íslands.

Kaffihlé
15.10 – 15.40

Rafeindageislar: Notkun og nýlunda.
Ágúst Valfells, deildarforseti Verkfræðideildar HR.

Ásmundarsalur – Samspil hljóðvistar og byggingareðlisfræði.
Ólafur Hjálmarsson, verkfræðingur hjá Trivium ráðgjöf.

Introducing the Electrical Power Systems Laboratory (EPS-Lab) í HÍ.
Zhao Yuan, lektor við rafmagns- og tölvuverkfræðideild HÍ.

Umbætur í fráveitu. LEAN.
Páll Ragnar Pálsson, verkstjóri fráveitu hjá Veitum ohf.

Stjórn: Gyða Björg Sigurðardóttir, hjá Ráði ehf.

Léttar veitingar
Öll velkomin – Frítt inn. Skráning: www.vfi.is
Kynningar í anddyri: GeoSilica, RU Racing, Team Spark.
Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar.

Verkfræðingafélag Íslands

Margir þræðir sem fléttast saman í sannfærandi heild

Verkefnið Húsnæðiskostur & híbýlaauður hlaut nýlega styrk úr Minningarsjóði Guðjóns Samúelssonar. Styrkurinn er veittur til útgáfu bókar og miðlun rannsókna á sviði húsnæðismála frá sjónarhóli arkitektúrs og hönnunar.

starri@frettabladid.is

Hópurinn á bak við bókina (f.v): Ásta Logadóttir verkfræðingur, Ásgeir Brynjar Torfason viðskiptafræðingur, Anna María Bogadóttir arkitekt og menningafræðingur, Snæfríð Þorsteins hönnuður, Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir arkitekt, Hildur Gunnarsdóttir arkitekt og Hrefna Björg Þorsteinsdóttir arkitekt. AÐSEND/KAJA BALEJKO

Í lok september hlaut verkefnið Húsnæðiskostur & híbýlaauður styrk úr Minningarsjóði Guðjóns Samúelssonar en styrkurinn er veittur til útgáfu bókar og miðlunar rannsókna á sviði húsnæðismála frá sjónarhóli arkitektúrs og hönnunar. Í bókinni verður þróun húsnæðiskosta á Íslandi spegluð í alþjóðlegu samhengi hugmynda-, félags- og fagurfræði sem og hagrænna þátta og verður lögð áhersla á gæði húsnæðis og áhrif þeirra á heilsu og upplifun fólks. Markmiðið með útgáfunni er að brýna rödd og þekkingu fag- og fræðafólks á sviði hönnunar og arkitektúrs til áhrifa á sviði húsnæðismála. „Drifkrafturinn að baki útgáfunni er þörf á víðari umræðu um húsnæði en leiðandi umræða um húsnæðismál byggir á þröngu sjónarhorni þar sem áherslan er á framboð, fermetra og fjölda íbúða," segir Anna María Bogadóttir, arkitekt og menningarfræðingur, sem er ritstjóri bókarinnar.

Hún segir mikilvæga þekkingu sem arkitektar, hönnuðir og fleiri fagstéttir búa yfir rati allt of takmarkað inn á svið stefnumótunar í húsnæðismálum og skilgreiningu forsendna fyrir húsnæðisuppbyggingu. „Því þarf að breyta. Mikilvægt er að beina sjónarhorninu að íbúanum, líðan hans og upplifun í daglegu lífi og verðmætunum sem liggja í húsnæði á þeim forsendum. Það er híbýlaauður."

Gæði húsnæðis eru sígild,

Anna segir innblástur að útgáfunni vera meðal annars sóttan í bókina Húsakostur og híbýlaprýði frá árinu 1939, en í henni varpa arkitektar, hönnuðir, skáld og fjárfestir ljósi á fjölbreytt og góð dæmi um híbýlagerðir út frá fagurfræðilegum, hagrænum og staðbundnum þáttum með hvatningu til lesenda um að gerar kröfur til sjálfra sín. „Það er enn jafn viðeigandi því gæði húsnæðis eru sígild, en ekki sjálfgefin. Nauðsynlegt er að stefna að, bera skynbragð á og gera kröfu um þessi gæði, óháð því hvort við erum í hlutverki þess sem hannar, byggir, kaupir, selur, leigir, fjárfestir eða skipuleggur húsnæði og húsnæðiskerfi."

Áherslum beint að íbúanum

Með vísan í ný og nýleg dæmi er skyggnst bak við þróun í húsnæðismálum á Íslandi í alþjóðlegu samhengi og sögulegri vídd segir Anna. „Aukin misskipting og lýðheilsu- og umhverfisáskoranir samtímans kalla sem aldrei fyrr á ígrundað skipulag og hönnun íbúða. Dagsbirta, gróður og möguleikar á félagslegu samneyti leika lykilhlutverk í því samhengi auk þess sem við þurfum að huga að vistvæni, líftíma, efnishringrásum og viðhaldi, að húsnæðið standist tímans tönn. Í bókinni er varpað ljósi á þessa og fleiri þætti út frá arkitektónískum og hagrænum rannsóknum og áherslunni beint að íbúanum. Því að skapa híbýlaauð fyrir þá sem búa ekki síður en þá sem byggja og fjárfesta."

Þverfaglegur hópur

Á dögunum lenti Hallgrímskirkja í 38. sæti yfir fegurstu byggingar heims, en alls tóku 107 þúsund manns þátt í valinu.

„Hallgrímskirkja er ein bygginga á Norðurlöndum sem komust á lista og er þar í ótrúlega merkilegum hópi. Það þykir heillandi hvað kirkjan er stílhrein, jafnt að utan sem innan. Hönnunin er nútímaleg þrátt fyrir að kirkjan sé komin til ára sinna og hún er laus við óþarfa prjál og íburð, sem gefur andanum meira rými. Því þykir Hallgrímskirkja sérlega góð til íhugunar því rýmið er tilgerðarlaust. Hér er ekkert sem þrengir að né hindrar hugann," greinir Sigríður frá.

Hún finnur að látleysi kirkjunnar höfðar til ferðafólks um leið og það dáist að stórfenglegu formi hennar og arkitektúr.

„Margir sjá form framhliðar kirkjunnar sem biðjandi hendur, en arkitektinn Guðjón Samúelsson lagði upp með að kirkjan endurspeglaði íslenska náttúru í formi sínu; stuðlaberg, fjöll og jökla."

Úsýnið úr turninum hefur líka mikið aðdráttarafl.

„Það er ekki alltaf hlaupið að því að komast upp í háa kirkjuturna heimsins og þar er útsýnið ekki endilega eftirsóknarvert, en úr Hallgrímskirkjuturni er útsýnið algjörlega magnað. Hallgrímskirkja er í alla staði merkileg og hún er vissulega einstök. Ég hef komið inn í allmargar kirkjur og engin er eins og hún. Þá er staðsetning kirkjunnar stórkostleg og hvort sem maður er á Kjalarnesi eða Reykjanesi er eins og Hallgrímskirkja standi upp úr öllu, enda okkar „skyline" eins og skýjakljúfar eru í erlendum stórborgum," segir Sigríður.

Þótti þá galið stórvirki

Hallgrímskirkja er stærsta kirkja Íslands, með glæstan 74,5 metra háan turn. Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins og einn virtasti arkitekt landsins, hófst handa við að teikna kirkjuna árið 1937 og varð Hallgrímskirkja hans síðasta verk. Bygging hennar hófst árið 1945 en kirkjan var ekki vígð fyrr en 1986.

„Hallgrímskirkja er þekktasta kennileiti borgarinnar og gaman að horfa til þess hvað fólk var stórhuga þegar kirkjan var byggð. Þá var Dómkirkjan sprungin vegna aukins mannfjölda, en langan tíma tók að koma byggingu Hallgrímskirkju í gegnum samþykki bæjarstjórnar þá, enda þótti ýmsum galið á þeim tíma að ráðast í byggingu svo stórrar kirkju. Ég hugsa stundum hvernig umhorfs væri ef engin Hallgrímskirkja stæði hér í dag og hvernig færi ef einhver kæmi með hugmynd um að reisa svo stóra kirkju í dag. Það voru sterkar hugsjónir sem leiddu til þess að Hallgrímskirkja varð til og magnað að fá að viðhalda því sem fólk lagði á sig til að kirkjan yrði að veruleika," segir Sigríður.

Sigríður Hjálmarsdóttir, framkvæmdastjóri Hallgrímskirkju, segir heiður að vinna í svo fögru húsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Klukknafjölskyldan loks sýnileg

Sigríður segir viðhald við kirkjuna gríðarlegt.

„Nú síðast skiptum við um allar innihurðir í stað hurða sem settar voru til bráðabirgða fyrir að minnsta kosti fjörutíu árum. Þær nýju eru í stíl við kirkjubekkina og prédikunarstólinn, hannað af Andrési Narfa hjá Hornsteinum. Þá á Leifur Breiðfjörð heiður af steindum gluggum, gleri utan á prédikunarstólnum og skírnarfontinum. Allt er það unnið í sama stílhreina andanum," segir Sigríður.

Næsta verkefni er að fríska upp á útsýnishæðina á 9. hæð og taka þar niður skúr og trépalla.

„Þá verður loks hægt að sjá stóru kirkjuklukkurnar þrjár, það er fjölskylduna Hallgrím, Steinunni og Guðríði, og 29 minni klukkur sem klingja í klukknaspili. Þá verður ekki bara fagurt útsýnið frá 9. hæð heldur verður líka fallegt um að litast inni í turninum."

Annað verkefni í vinnslu er ný lýsing að innan og utan, og vinna ljósahönnuðir nú að útfærslu hennar.

„Ég hlakka mikið til að sjá útkomuna. Þá getum við tekið þátt í að lýsa upp kirkjuna eins og aðrar byggingar gera við sérstök tilefni," segir Sigríður, viss um sitt uppáhald þegar kemur að arkitektúr Guðjóns Samúelssonar í Hallgrímskirkju.

„Það er loftið í kórnum og kirkjuskipinu. Það er magnað hvernig hvelfingarnar koma saman."

Kirkjunni ávallt sýnd virðing

Sigríður segir landsmenn bera kærleika í brjósti til Hallgrímskirkju.

„Það tala allir fallega um kirkjuna og líta upp til hennar. Aðsókn eykst stöðugt sem og eftirspurn eftir því að taka upp þætti um kirkjuna. Þannig komu bæði BBC og National Geographic í fyrra og nú eru breskir þáttagerðarmenn að taka upp ferðaþátt í turninum," upplýsir Sigríður.

„Hingað kemur fólk af öllum trúarbrögðum og sýnir trú okkar og kirkjunni mikla virðingu. Eina undantekningin var þegar við klæddum tröppur upp að altarinu regnbogafána til stuðnings Gay Pride og tveir strangtrúaðir Bandaríkjamenn létu vanþóknun í ljós. Þeir eru allir velkomnir í Hallgrímskirkju og þar er mjög góður andi. Margir kveikja á kerti og tylla sér í svolitla stund, enda er það tilgangurinn með kirkjunni; að fólk geti fundið þar innri frið, kyrrt hugann, farið með bænir eða hugleitt."

Sjálf er Sigríður guðfræðingur og alin upp í kirkjusamfélaginu en faðir hennar Hjálmar Jónsson var lengi sóknarprestur í Dómkirkjunni í Reykjavík.

„Þetta er góður staður fyrir mig að vera á. Mér er umhugað um þjóðtrú okkar og kirkjuna og finnst miklu skipta að við höldum sjó og bætum í, frekar en hitt. Við eigum ekki að þurfa að lifa í vörn, heldur eigum við að standa keik og horfa fram á við. Ég geri allt hvað ég get til að leggja mitt af mörkum til þess og lít svo á að ég sé í þjónustuhlutverki við kirkjuna, bæði sem byggingu og söfnuð." ■



Sigríði finnst fallegast hvernig lofthvelfingar kirkjuskipsins tengjast saman.



Stuðlaberg er áberandi í forminu.

Hallgrímskirkja er einstakt listaverk.

Útsýnið úr Hallgrímskirkjuturni er stórkostlegt sem og turninn sjálfur.

Ábyrgð okkar er mikil

Skýr vitneskja er til staðar um hvaða áhrif við mannfólkið höfum á vistkerfi jarðar vegna ofnýtingar auðlinda. Með þessa vitneskju að baki þarf að vanda afar vel til verka.



Marta Rós Karlsdóttir, fagleiðtogi sjálfbærni, og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur hjá verkfræðistofunni Verkís. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Heimurinn stendur á tímamótum vegna loftslagsbreytinga og skýr vitneskja er til staðar um hvaða áhrif við mennirnir höfum á vistkerfi jarðar vegna ofnýtingar auðlinda, sóunar og mengunar og hvaða þýðingu hrörnun vistkerfisins og loftslagsbreytingar hafa fyrir okkur og komandi kynslóðir. Mannvirki og mannvirkjagerð valda um 40% af allri losun gróðurhúsalofttegunda og 50% af nýtingu náttúruauðlinda heimsins. Í ljósi þessarar vitneskju þarf því að vanda afar vel til verka í dag, segja þau Marta Rós Karlsdóttir, fagleiðtogi sjálfbærni og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur hjá verkfræðistofunni Verkís. „Við sem verkfræðingar, hönnuðir og ráðgjafar sinnum mikilvægu samfélagslegu hlutverki og látum hugmyndir verða að veruleika. Við komum að öllum stigum framkvæmda og berum mikla ábyrgð á að þau mannvirki sem byggð eru veiti athöfnum okkar skjól á umhverfisvænan og hagkvæman máta og nýtist samfélaginu á sem bestan hátt. Mannvirkin þurfa einnig að hafa ásættanlegan líftíma og standast tímans tönn því þau marka varanleg spor í umhverfi okkar," segir Ragnar.

Sjálfbærni er nauðsynleg

Áður fyrr var fyrst og fremst horft til hagkvæmni framkvæmda, en í dag er einfaldlega nauðsyn að innleiða sjálfbærni sem meginmarkmið framkvæmda og gera allt sem í okkar valdi stendur til að lágmarka umhverfisáhrif og hámarka jákvæð áhrif á samfélagið samhliða því að horfa til hagkvæmni, bætir Marta Rós við.

„Í dag er því gríðarlega mikilvægt fyrir okkur sem sérfræðinga að sýna frumkvæði að því að velja betri lausnir en áður, með það að markmiði að lágmarka umhverfisspor og auka lífsgæði fólks til langrar framtíðar. Við þurfum að nýta tæknina, nýta stafræna þróun og nýta vísindin. Það er oft ríkt í mörgum að treysta á gamalgrónar lausnir, þær sem staðist hafa tímans tönn og eru sannreyndar. En okkur ber einfaldlega skylda til að skipta út þeim lausnum sem menga og eru óþarflega frekar á orku og auðlindir fyrir vistvænni lausnir."

Það felist jafnframt mikil verðmæti í unga fólkinu, sem hefur hlotið menntun og reynslu sem leggur ríkari áherslu á jafnvægi milli kostnaðar, umhverfisáhrifa og samfélagslegra áhrifa í athöfnum okkar og koma þau með ferska og mikilvæga sýn inn á verkfræðistofurnar í dag sem blandist svo við reynslu og þekkingu eldra starfsfólks.

Orkuskipti og bætt orkunýting

Þau Marta og Ragnar segja fjölmörg dæmi vera til um hvernig hægt sé að gera hlutina betur en áður. „Við erum stödd í miðri byltingu orkuskipta í samgöngum, þar sem rafvæðing bílaflotans er komin vel af stað og unnið er að fjölmörgum úrlausnarefnum til að tryggja þar farsæla vegferð fram á við," segir Ragnar. Rafvæðing hafna til að leysa olíu af hólmi í landtengdum skipum er einnig í vinnslu og úrlausnarefnin þar eru fjölbreytt. „Vinnsla eldsneytis með grænni raforku er einnig hluti af lausnum framtíðarinnar fyrir stærri farartæki líkt og þung ökutæki, skip og flugvélar. Þessi bylting kallar á afar fjölbreytt verkefni okkar sem hönnuða og ráðgjafa," segir Marta Rós.

Um heim allan er jafnframt lögð aukin áhersla á að lágmarka orkunotkun og bæta orkunýtingu mannvirkja og framleiðsluferla. „Bætt orkunýting er ekki síður mikilvæg á Íslandi. Þó landið búi yfir ríku aðgengi að endurnýjanlegri og hreinni orku í formi rafmagns og varma frá vatnsafli og jarðhita, er ekki ásættanlegt að sóa þeirri orku sem framleidd er með verðmætum náttúruauðlindum. Bera þarf virðingu fyrir orkuauðlindum landsins með ábyrgri nýtingu þeirra í allri virðiskeðjunni, allt frá framleiðslu orkunnar til notkunar hennar í daglegu lífi."

> Loftslagsvandinn er verkefni sem mannkynið mun leysa í sameiningu.
>
> Ragnar Ómarsson

Eftirspurn eftir sjálfbærari mannvirkjagerð

Þau Marta og Ragnar segja að opinberir aðilar hafi sýnt nauðsynlegt frumkvæði til að koma til móts við nýjan veruleika í framkvæmdum, skipulagi og áætlanagerð. „Dæmi um verkefni þar sem sjálfbærni hefur verið meginmarkmið eru endurbætur á Sundhöll Reykjavíkur og nýtt skipulag Ártúnshöfða fyrir íbúðarbyggð með gott aðgengi að almenningssamgöngum. Sveitarfélögin gegna jafnframt lykilhlutverki í heilsueflingu þjóðarinnar með uppbyggingu á mannvirkjum fyrir íþróttir og útivist.

Í allri skipulagsáætlanagerð sveitarfélaganna er í auknum mæli horft til blágrænna ofanvatnslausna til að koma vatni í náttúrulegan farveg fremur en manngerð fráveitukerfi," bætir Ragnar við. „En stíga þarf enn fastar til jarðar í þessum efnum og það hratt. Það reynir á okkur sem sérfræðinga að koma á framfæri úrbótatækifærum og fræða verkkaupa og fjárfesta um hvernig sé hægt að gera hlutina betur. Því miður vantar allt of oft upp á ríkari kröfur um sjálfbærni í verkefnum og enda slíkar lausnir oft í niðurskurði þegar á reynir. Þessu verður að breyta," segir Marta Rós.

Hringrásarhagkerfi í framkvæmdaverkum

Skipulag við framkvæmdir er í sífelldri skoðun og þar eru möguleikar til að auka sjálfbærni. Verkís er að skoða hagræðingu í flutningi jarðefna til og frá verkstöðum þannig að jarðefni sem á að fjarlægja af einum stað geti mögulega nýst á öðrum verkstað. Verkís fékk nýlega styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til þess að útbúa gagnagrunn til að halda utan um upplýsingar um flutning jarðefna í framkvæmdaverkum á höfuðborgarsvæðinu.

„Einnig er gríðarlega mikilvægt að lágmarka auðlindanotkun hvers kyns með því að velja endurnýtt efni og nýta efni sem til er á staðnum, áður en ný efni eru nýtt til framkvæmdanna. Stærsti hluti kolefnisspors framkvæmda er oftast vegna hráefnanna, líkt og steypu og stáls, og þar liggja því helstu sóknarfærin til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Rafvæðing vinnuvéla er einnig mikilvæg til að lágmarka notkun á jarðefnaeldsneyti og minnka losun frá verkstað."

Vitum að framtíðin verður björt

Í nágrannalöndum okkar eru gerðar æ ríkari kröfur um lágmörkun umhverfisáhrifa og bætta orkunýtingu í byggingum og framleiðsluferlum. Verkís hefur tekið þátt í fjölmörgum verkefnum sem eru til fyrirmyndar í sjálfbærnihugsun. „Sem dæmi er sundhöllin í Holmen í Noregi sem hönnuð var með það að markmiði að vera án kolefnisfótspors á líftíma sínum. Við getum því miðlað af reynslunni og yfirfært þekkingu til Íslands um sjálfbærari hönnun mannvirkja og bætta orkunýtingu hér á landi."

Þau segja starfsfólk Verkís búa yfir gríðarlegri reynslu og sérfræðiþekkingu í mannvirkjagerð.

> Í dag er því gríðarlega mikilvægt fyrir okkur sem sérfræðinga að sýna frumkvæði að því að velja betri lausnir en áður.
>
> Marta Rós Karlsdóttir

Á öllum fagsviðum sem fyrirtækið sinnir hafi átt sér stað framþróun sem miðar að því að minnka sóun og framleiða hráefni og vörur með betri hætti en áður, með minni umhverfisáhrifum og bættum líftíma. Sjálfbærar lausnir snúa að bættu samfélagi með lágmarks áhrifum á umhverfið á sem hagkvæmastan máta. „Öryggismál og virðing fyrir heilsu og lífi er ófrávíkjanleg krafa nútímans og hluti af sjálfsagðri menningu vinnustaða í dag. Skipuleggja má framkvæmdir með betri og umhverfisvænni hætti en áður. Hönnun þarf einnig að miða að heilbrigðu samhengi milli hins byggða umhverfis og náttúru, veðurþoli og rakavörnum, dagsljósahlutfalli, lágmörkun á viðhaldsþörf og auknum líftíma."

Verkís nýtir sérþekkingu sína til að bjóða upp á sjálfbærari lausnir til framtíðar. „Loftslagsvandinn er verkefni sem mannkynið mun leysa í sameiningu. Við skuldbindum okkur til að taka ákvarðanir í dag sem stuðla að því að hið byggða umhverfi sé traust, standist gæða-, öryggis- og umhverfiskröfur og bæti velsæld samfélagsins okkar. Við óttumst ekki framtíðina því að við vitum að með samstilltu átaki verður framtíðin björt fyrir okkur og komandi kynslóðir." ■

Gamaldags en líka framúrstefnulegt

Söluhúsin við Ægisgarð eru tilnefnd til Hönnunarverðlauna Íslands 2021. Húsin draga innblástur frá gömlu götumyndinni við Reykjavíkurhöfn og virka einföld en það var mikið lagt í alls kyns smáatriði.

oddurfreyr@frettabladid.is

Söluhúsin við Ægisgarð eftir Yrki arkitekta hlutu tilnefningu til Hönnunarverðlauna Íslands 2021, sem er ætlað að varpa ljósi á mikilvægi og gæði íslenskrar hönnunar og arkitektúrs. Söluhúsin eru staðsett við bryggjuna við Reykjavíkurhöfn og hýsa ýmsa hafsækna starfsemi, en þau eru aðallega notuð til að selja miða fyrir hvala-, lunda- og norðurljósaskoðanir sem og aðrar bátsferðir fyrir ferðamenn.

Hönnunarverðlaun Íslands beina sjónum að því besta sem gert er á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi um leið og einstaka hönnuðum eða hópum hönnuða er veitt mikilvæg viðurkenning. Það er Miðstöð hönnunar og arkitektúrs sem stendur að Hönnunarverðlaunum Íslands í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Íslandsstofu og Samtök iðnaðarins.

Í umsögn dómnefndarinnar segir meðal annars að söluhúsin séu „vel heppnuð röð húsa í góðu samtali við umhverfi sitt“ og að þau myndi „fallega og vandaða umgjörð sem heldur vel utan um fjölbreytilega starfsemi og daglegt mannlíf“.

Hugmyndin að skapa heildarmynd

„Verkefnið hófst á því að Faxaflóahafnir leituðu til okkar. Það hafði myndast ákveðin stemning á svæðinu þar sem söluhúsin standa núna og ýmsir aðilar höfðu sett upp litlar byggingar, gáma, og þarna voru alls konar byggingarstílar og viðbætur,“ segir Yngvi Karl Sigurjónsson arkitekt sem tók þátt í hönnun söluhúsanna og hélt utan um verkefnið fyrir Yrki. „Atvinnurekendum á svæðinu leið mjög vel þarna og það hafði skapast frábært andrúmsloft og Faxaflóahafnir vildu gera enn betur með því að samræma allt svæðið og búa til eina stóra heildarmynd, án þess að missa þann sérstaka karakter sem hafði myndast þarna. Við tókum marga fundi með hluthöfum sem leigja af Faxaflóahöfnum og reyndum að koma til móts við alla og skapa eina sterka heildarmynd fyrir allt svæðið, sem var áskorun því að margir aðilar komu að verkefninu.“



Í umsögn dómnefndarinnar segir meðal annars að söluhúsin séu „vel heppnuð röð húsa í góðu samtali við umhverfi sitt“ og að þau myndi „fallega og vandaða umgjörð sem heldur vel utan um fjölbreytilega starfsemi og daglegt mannlíf“. MYND/GUNNAR SVERRISSON



Þessi mynd sýnir húsin sem áður stóðu við Kolasund, en form þeirra varð innblásturinn fyrir söluhúsin við Ægisgarð. MYND/AÐSEND

Söluhúsin eru mjög opin og björt. MYND/GUNNAR SVERRISSON

Yngvi Karl Sigurjónsson, arkitekt hjá Yrki. MYND/AÐSEND

Innblásið af gamalli götumynd

„Fyrst tók við mikil rannsóknarvinna um hvað höfn er og hvaða hlutverki hún gegnir í borg. Það tók okkur smá tíma að finna hugmynd sem okkur leist vel á. Við byrjuðum að skoða gömlu hafnirnar og kynna okkur byggingar frá því í kringum árið 1800 til dagsins í dag og hvernig skipulagið var þegar verið var að sækja kol úr skipunum og ferja vatn yfir í bátana,“ segir Yngvi. „Þá fórum við að skoða Kolasund, sem er núna port á bak við Hæstarétt og þar fundum við fyrirmynd sem við vildum nota.

Við skoðuðum líka hvernig byggingarmassar hafa þróast á svæðinu og hvaða byggingarmassar eru þegar á því, hvernig þeir líta út og hver samsvörun þeirra er í byggingarsögu, sem og hlutverk þeirra gagnvart höfninni, bátum og hafinu,“ segir Yngvi.

„Fólk hefur öðruvísi tilfinningu fyrir götu við höfn en venjulegri borgargötu og við vildum sækjast eftir því að gefa fólki þá tilfinningu og að það væri ljóst að þessi hús væru gerð til að sinna höfninni, en bara annars konar hafnarstarfsemi en áður,“ segir Yngvi.

Einföld en mikið um smáatriði

„Áður fyrr labbaði fólk mikið um höfnina og Íslendingar eru hrifnir af því að hafa fallegar bryggjur til að ganga á og geta gengið með fram ströndinni. Við vildum líka búa til líf inni á þessari hafnargötu og gerðum það með því að skjóta kroppum húsanna til hliðar,“ segir Yngvi. „Húsin eru ekki það eina sem fólk sækist í, það sækist líka í pallana á milli húsanna og við vildum að þeir þjónuðu tilgangi rýmisins í heild sinni.

Húsin eru einföld í uppbyggingu en það var mikið lagt í smáatriðin. MYND/GUNNAR SVERRISSON

Við skoðuðum líka efni og áferð og reynum að ná fram arkitektónískum smáatriðum með natni í efnisvali, en ekki með því að vera með stæla í framsetningu á efninu,“ segir Yngvi. „Það var bara mjög einföld uppbygging á húsunum og svo unnum við mjög ítarlega í smáatriðum til að þau virki mjög áreynslulaus. Geymsluskúrar voru látnir líkjast gömlu bíslögunum sem voru við hlið húsanna í gamla daga og húsin eru með hálfopin skyggni að framan sem vísa til gömlu rammanna sem voru settir upp við hafnirnar til að þurrka fisk.“

Gott samstarf skilaði góðu verki

„Við erum alveg rífandi stolt yfir tilnefningunni til Hönnunarverðlauna Íslands og þakklát fyrir hana. Eftir alla vinnuna sem er búið að leggja í þetta er rosalega gaman að fá viðurkenninguna,“ segir Yngvi. „Ég vona bara að öll þessi rannsóknarvinna til að sækja fyrirmyndir hafi skilað sér og fólk skynji hvað þarna fer fram, jafnvel þó að það þekki ekki sögu hafnarinnar.“

Afhending Hönnunarverðlauna Íslands 2021 fer fram þann 29. október í Grósku ásamt málþingi tengt verðlaunum. Yngvi segist spenntur fyrir verðlaunaafhendingunni.

„Já, ég er það,“ segir hann og hlær. „Gríðarlega spenntur og stressaður. En sama hvað gerist erum við bara gríðarlega stolt af því að fá viðurkenninguna sem felst í tilnefningunni.

Þetta verkefni hefði líka aldrei verið svona gott nema við hefðum haft frábæra samstarfsaðila, bæði verkkaupa og þá sem eru að leigja húsin, sem og E. Sigurðsson sem byggði þetta og verkfræðistofurnar Hnit og Verkís sem unnu með okkur,“ segir Yngvi. „Við áttum gríðarlega gott samstarf við alla og Faxaflóahafnir héldu vel utan um verkefnið og eiga sóma skilið fyrir það.“ ■

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

Guðjón Örn Björnsson, jarðtækniverkfræðingur hjá VSÓ, segir að það sé lítið hægt að gera til að fyrirbyggja og stöðva skriðuföll og því sé mikilvægt að fylgjast vel með hreyfingum á jörðinni svo hægt sé að bregðast við eftir þörfum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Reyna að mæta aukinni skriðuhættu

Verkfræðistofan VSÓ Ráðgjöf hefur unnið að því að kortleggja svokallaðan „kvikkleir“ í Noregi, sem getur auðveldlega brotnað og valdið leirskriðum. VSÓ fylgist einnig grannt með hreyfingum á jarðvegi hér á landi til að nema skriðuhættu, sem hefur aukist mikið vegna hamfarahlýnunar.

VSÓ Ráðgjöf er alhliða ráðgjafar- og verkfræðifyrirtæki sem leggur áherslu á trausta og faglega þjónustu. Á skrifstofum VSÓ í Reykjavík og í Noregi starfa um 100 manns með víðtæka reynslu og þekkingu, en VSÓ hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum hér á landi og erlendis frá því fyrirtækið var stofnað árið 1958.

„Við erum hæfilega stór og veitum mjög góða og persónulega þjónustu. Vegna þess að við erum ekki of stór eru boðleiðirnar stuttar og því yfirleitt auðvelt að ná sambandi við þann sem sér um verkið, sem við teljum mikinn kost,“ segir Guðjón Örn Björnsson, jarðtækniverkfræðingur hjá VSÓ. „Ef fólk leitar til okkar skilgreinum við verkefnið til að sjá hvernig við getum orðið að liði, svo aðstoðum við kúnnann í einu og öllu við úrlausn verkefnanna, allt frá skipulagi til eftirfylgni eftir að verkið hefur verið unnið. Við leysum allar tæknilegar hliðar, allt frá upphafi til enda.

Jarðtækni er sú grein verkfræðinnar sem snýr að jörðinni,“ segir Guðjón. „Hún snýst um allt frá því hvernig sandur og uppbygging á að vera undir hellum, hvernig á að grunda hús, reka niður jarðvegsstaura og yfir í hönnun á stórum stíflum, vegagerð og sjóvarnargarða. Þetta kemur inn á næstum allar framkvæmdir og getur verið mjög fjölbreytt.

Stóra gryfjan fyrir framan Landspítalann er til dæmis verkefni á okkar vegum og ein stærsta jarðvinnuframkvæmd á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Guðjón. „Þar voru um 200 þúsund rúmmetrar af klöpp sprengdir og keyrðir í landfyllingar. Hluti gryfjunnar hefur rúmlega 15 metra háa veggi. Einnig þarf að tryggja öryggi þeirra sem starfa í gryfjunni með tilheyrandi bergstyrkingum. Þarna skiptir jarðtæknin gríðarlega miklu máli.“

Kortleggja norska „kvikkleirinn“

„Jarðtæknin skiptir miklu þegar kemur að skriðuföllum, sem hafa verið vandamál bæði hér á landi og í Noregi, þar sem við vinnum stóran hluta af okkar verkefnum,“ segir Guðjón. „Í Noregi er jarðfræðin og jarðtæknin aðeins flóknari því þar þarf til dæmis að glíma við svokallaðan „kvikkleir“, sem finnst yfirleitt bara í löndum sem eru jarðfræðilega eldri en Ísland. Þetta er leir sem er sterkur og þolir mikið álag, en ef hann brotnar, þá brotnar hann í svokölluðu stökku broti, því hann hefur engan teygjanleika. Fyrir vikið getur heil hlíð hrunið fyrirvaralaust ef farið er yfir burðargetu leirsins.

Við erum í góðu samstarfi við jarðborunarfyrirtæki í Noregi. Við skipuleggjum rannsóknir og boranir, svo bora þeir og við túlkum niðurstöðurnar og að lokum skrifum við skýrslu um það sem við finnum í jörðinni. Það hefur verið mikið að gera í þessu, sérstaklega eftir Gjerdrumskriðuna, sem varð milli jóla og nýárs í fyrra og varð um tíu manns að bana,“ segir Guðjón. „Við búum yfir mikilli sérþekkingu í þessum rannsóknum og þar sem flest öll sveitarfélög í Noregi vilja kortleggja hvar þessi leir finnst hefur verið mikið að gera í þessum rannsóknum undanfarið ár.“

Hamfarahlýnun eykur skriðuföll

„Skriðan í Gjerdrum varð, í stuttu máli, vegna þess að þar sem áður voru engi og tún sem tóku við regnvatni er komin byggð, svo að vatn gat ekki lengur seytlað ofan í jarðveginn. Þess í stað rann það beint í nálæga læki, sem voru fyrir neðan brekku sem hafði þennan svokallaða „kvikkleir“,“ segir Guðjón. „Þegar það varð svo gríðarleg rigning ofan í leysingar bólgnaði lækurinn og gróf undan brekkunni og það olli upphaflegu skriðunni.

> **Skriðurnar hér á landi og í Noregi eiga sér stað vegna breytinga í veðurfari. Það eru svo miklar öfgar í veðurfarinu að núna er stórfelld rigning sem mátti eiga von á að kæmi á tíu ára fresti að koma kannski á hverju ári.**

Skriðurnar hér á landi og í Noregi eiga sér stað vegna breytinga í veðurfari. Það eru svo miklar öfgar í veðurfarinu að núna er stórfelld rigning sem mátti eiga von á að kæmi á tíu ára fresti að koma kannski á hverju ári, og stundum tvo daga í röð!“ segir Guðjón. „Til dæmis ef hönnunarforsendur eru þannig að við sættum okkur við að vera með ofanvatnskerfi sem afkastar svokölluðu tíu-ára flóði, það er að segja það flæðir upp úr einu sinni á tíu ára fresti, en vegna þessara öfga erum við að fá þessa úrkomutoppa töluvert oftar en á tíu ára fresti. Í þessum hamfararigningum verður jarðvegur vatnsmettaður og hætta á aurskriðum eykst. Þetta er það sem gerðist bæði á Seyðisfirði, í Útkinn og á fleiri stöðum.“

Fylgjast vel með óstöðugum brekkum og vegum

„Við erum að vinna spennandi verkefni núna með verkfræðistofunni Vista og Vegagerðinni. Þau hjá Vista sjá um uppsetningu á mælitækjum, sem í stuttu máli er vír sem er festur í jörðina og nokkurs konar spil á fasta endanum og ef jörðin hreyfist þá dregst vírinn út. Mælarnir eru tengdir við símasendi sem sendir þessar upplýsingar beint til vöktunaraðila, sem fær þá þessar mælingar í rauntíma,“ útskýrir Guðjón. „Ef það verður til dæmis 1 cm færsla á klukkustund, tvo-þrjá klukkutíma í röð, sem er fleygiferð í jarðfræðilegu tilliti, þá vitum við að það er óeðlileg hreyfing í brekkunni og þá er hægt að láta viðbragðsaðila vita og bregðast við með því til dæmis að loka viðeigandi vegum eða rýma svæði strax.

Með þessum hætti getum við fylgst með brekkum og fjallshlíðum sem við metum óstöðugar, en þá reynir á að finna þessar brekkur. Það er mögulegt að setja þetta upp fyrir ofan þéttbýlisstaði, en það er mjög erfitt að ætla að fylgjast með öllu vegakerfinu eins og það leggur sig,“ segir Guðjón. „Þannig að við fylgjumst með fjölförnum vegum og vegköflum sem eru þekktir fyrir skriðuföll. Við ætlum að kynna þetta verkefni á árlegri rannsóknarráðstefnu Vegagerðarinnar í lok þessa mánaðar.“

Lítið hægt að gera til að koma í veg fyrir skriður

„Það er lítið hægt að gera til að fyrirbyggja og stöðva skriðuföll. Í einhverjum tilfellum er kannski hægt að drena vatn eða útbúa leiðigarða, en þarna ræður náttúran og við þurfum að spila með. Það er ekki hægt að setja upp varnargarða, eins og er gert fyrir snjóflóð. Í aurskriðum geta verið miklir kraftar og gífurlegt magn af jarðefnum og svo bráðnar aurskriðan auðvitað ekki eins og snjóflóðin, þannig að varnargarðarnir yrðu alltaf einnota,“ segir Guðjón. „Ástæður fyrir aurskriðum eru næstum alltaf miklar rigningar eða leysingar svo það eina sem við getum gert er að fylgjast með og loka og rýma ef hreyfingar mælast.

Við vinnum líka með snjóflóðavarnir og erum til dæmis að hanna og byggja slíka garða í Neskaupstað,“ segir Guðjón. „Snjóflóð, aurskriður og grjóthrun flokkast allt undir ofanflóð og íslenski ofanflóðasjóðurinn er mjög sterkur og stendur sig að mínu mati mjög vel. Hann hefur verið að nýta sitt fjármagn til að koma í veg fyrir og verjast ofanflóðum, og aurskriður, flóð og berghlaup hafa verið áberandi upp á síðkastið.“ ■

> **Það hefur verið mikið að gera í þessu, sérstaklega eftir Gjerdrumskriðuna, sem varð milli jóla og nýárs í fyrra og varð um tíu manns að bana.**

Sérhæfing í borðplötum

Fanntófell hefur tæplega 35 ára reynslu í framleiðslu á borðplötum og sólbekkjum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir.

„Sérhæfing okkar hefur frá upphafi verið í harðplastborðplötum með rúnuðum köntum sem við höfum framleitt eftir óskum hvers og eins,“ segir Kristbjörg Guðmundsdóttir, markaðsstjóri Fanntófells.

„Á undanförnum árum höfum við verið að þróa nýjungar í borðplötum og bjóðum núna akrýlsteina frá Himac og Getacore sem hafa mikla endingu og nánast endalausa möguleika í hönnun.“ Hægt er að fá vaska úr sama efni og í mörgum gerðum sem eru undirlímdir þannig að þeir mynda eina heild með borðplötunni.

Akrýlsteinn er framleiddur úr náttúrusteini og akrýlkvoðu. Slétt yfirborð akrýlsteinsins gerir það að verkum að samskeyti eru nánast ósýnileg og mjög auðvelt er að þrífa borðplötuna, enda þolir akrýlsteinn sýrur og basískar lausnir. Rispur og aðrar skemmdir er mjög auðvelt að fjarlægja og akrýlsteinn dregur ekki í sig lit, raka, óhreinindi eða bakteríur og hentar því einstaklega vel þar sem hreinlæti skiptir miklu máli, eins og til dæmis hjá heilbrigðisstofnunum.

„Harðplastið er þó ávallt vinsæll og hagkvæmur kostur þegar kemur að borðplötuefni,“ segir Kristbjörg. „Borðplötur úr harðplasti eru viðhaldsfríar, slitsterkar og endast mjög lengi. Þær henta því vel fyrir heimili, almenningssvæði, verslanir, veitingahús og hótel svo eitthvað sé nefnt.“ Við val á harðplastsborðplötum er hægt að velja um álímt harðplast, ABS laserkant, viðarkant og PVC kant.

Á undanförnum árum höfum við verið að þróa nýjungar í borðplötum og bjóðum núna akrýlsteina frá Himac og Getacore, segir Kristbjörg.

Sérhæfing Fanntófells hefur frá upphafi verið í harðplastborðplötum með rúnuðum köntum, í mörgum gerðum og litum.

Fanntófell býður einnig upp á olíuborið límtré sem einnig er góður kostur. Límtré gerir rými stílhrein, lifandi og hlýleg. Hægt er að fá límtré úr beyki, eik eða hnotu.

Fanntófell var stofnað í Reykholti í Borgarfirði árið 1987 en er nú í 1.700 fermetra húsnæði við Gylfaflöt en þar fer öll starfsemi fyrirtækisins fram. Þar má finna glæsilegan sýningarsal og verslun þar sem hægt er að skoða efnin sem í boði eru og fá ráðgjöf frá starfsfólki fyrirtækisins sem leggur sig fram um að veita fyrsta flokks þjónustu. „Við sérsmíðum eftir óskum hvers og eins. Viðskiptavinir geta komið til okkar með hugmyndir og við leiðbeinum þeim um framhaldið,“ segir Kristbjörg.

Hjá Fanntófelli starfar hópur faglærðra og reynslumikilla starfsmanna sem eru sérhæfðir í sérsmíði og leggja mikinn metnað í verkin. Fyrirtækið starfar með arkitektum og hönnuðum sem aðstoða fólk við að gera góðar hugmyndir að veruleika. Þá býður Fanntófell upp á uppsetningarþjónustu á borðplötum og innréttingum í góðu samstarfi við verktaka og fyrirtæki. ■

Fanntófell er að Gylfaflöt 6-8 og síminn er 587 668. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má sjá á vefsíðunni fanntofell.is

FRÉTTAVAKTIN

Fréttaumfjöllun fyrir alla kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða +helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is
Rétta rekstrar- og bókhaldsþjónusta

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Húsaviðhald

HÚSA - VIÐGERÐIR
NÝSMÍÐI-VIÐGERÐIR-VIÐHALD AÐ UTAN SEM INNAN
* STEYPU/MÚRVIÐGERÐIR
* KLÆÐNINGAR : ÞÖK /VEGGI
* GLUGGAR/GLER
* INNRÉTTINGAR OG FL.
ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA
30 ÁRA REYNSLA
TILBOÐ - TÍMAVINNA
UPPL. S : 8583300
serfagehf@gmail.com

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

+++ EÐALVERK +++
- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsaviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögun

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@eðalverk.is

Tek að mér gler og gluggaviðgerðir. Almennt viðhald fasteigna. Uppl. í s. 777 3264

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Árasspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

LÍNA OKKAR TÍMA
VERND STÚLKNA GEGN OFBELDI
KAUPTU ARMBANDIÐ
www.barnaheill.is
Skannaðu QR kóðann og fáðu upplýsingarnar beint í símann.
Barnaheill

Heilsa

Heilsuvörur

gott cbd

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Verkefnastjóri fjárfestingarverkefna

Vilt þú vera hluti af lausninni?

Við leitum að stórhuga verkefnastjóra með brennandi áhuga og þekkingu á faglegri verkefnisstjórnun. Starfið er hluti af öflugu teymi Verkefnastofu Stefnu og árangurs, sem stýrir fjárfestingarverkefnum ON, sem gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri og árangri fyrirtækisins.

Verkefnastjóri leiðir verkefni allt frá undirbúningi þar til afurð hefur verið afhent til reksturs. Í því felst m.a. gerð kostnaðaráætlana og verksamninga, samskipti við hagsmunaaðila og umsjá leyfismála, ásamt því að tryggja aðföng.

Þetta er spennandi tækifæri fyrir manneskju sem býr yfir drifkrafti, góðri samskiptafærni og brennur fyrir faglegri verkefnastýringu. Frekari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur starfsins má finna á on.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2021.
Öll kyn eru hvött til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Óskar Friðrik Sigmarsson, forstöðumaður **Stefnu og árangurs** - oskar.fridrik.sigmarsson@on.is

Orka náttúrunnar er leiðandi afl í umhverfisvænum orkuskiptum á Íslandi, nýsköpun og þróun endurnýjanlegrar orku.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN · JAFNRÉTTISRÁÐ · JAFNLAUNAVOTTUN 2018 – 2021

www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Plágurnar tíu, lærdómur úr fornöld

Ólafur Sigurðsson
matvælafræðingur

Í Mósebók er sagt frá þegar faraóinn vildi ekki leysa þjóð Móse undan þrældómi svo hún gæti farið heim til Kananlands og tilbeðið guð sinn. Í stuttu máli þá tók faraóinn það ekki í mál og lagði þá guðinn Jahve þau álög á faraóinn og egypsku þjóðina, að hún skyldi þola plágu mikla og hina mestu áþján og útrýmingu.

Í fyrstu plágunni varð allt vatn í Egyptalandi blóðrautt á litinn og fúlt. Lofaði þá faraóinn bót og betrun en sveik það allt um leið og álögunum linnti. Guðinn átti þó til aðra plágu en þá sveik faraóinn bara enn og aftur og í hvert sinn sem ný plága lagðist á Egypta.

Alls urðu plágurnar tíu þessar:

- Blóðrauð og fúl vötn og ár.
- Froskar um allt.
- Pöddur, flugur og lýs um allt.
- Villdýr æða um allt og eyða öllu.
- Dýrapestir sem drepa stóran hluta bústofnsins.
- Kýli á mönnum og dýrum.
- Stórhagl sem eyddi ökrum og trjám.
- Engisprettufaraldur.
- Myrkur.
- Dauði frumburða.

Reyndar má auðveldlega finna tengsl þarna á milli og eru uppi tilgátur um eldgos sem litaði vatnið og mengaði svo að allur fiskur dó en þá fjölgaði froskum og flugum og svo er fólk og dýr bitið af óværu þess tíma. Stórhagl er vel þekkt fyrirbæri og gætu engisprettueggin þá hæglega hafa klakist út er eyðimerkursandurinn blotnaði við slík veðrabrigði.

Plágurnar tíu, endurkoman

Nú virðist sem þetta hafi endurtekið sig í heimssögunni, því plágurnar tíu virðast vera komnar aftur þó í annarri mynd – og nú virðast fáir ætla að taka mark á þeim, alveg eins og faraóinn forðum.

Guð okkar allra, alls mannkyns, er auðvitað náttúran sem lýtur líka lögmálum (vísindunum) en þau eru t.d. eðlisfræði og efnafræði. Tungumál þessa guðs okkar er að sjálfsögðu stærðfræðin. Þessi guð okkar, Náttúran (sem hér eftir verður ritað með stórum staf sem hæfir guðlegu vætti) – hefur gefið okkur og afkomendum nær eilífa Paradís hér á jörðu til að lifa á. Þetta er góður og gjöfull guð, móðir Náttúra.

Það þætti ekki mikil tíðindi í dag ef gos yrði í Egyptalandi með tilheyrandi vandamálum, enda ekki stærsta menningarsvæði heimsins lengur. Því verður að meta það svo – til að plágurnar í dag teldust jafngildar þeim í fornöld, yrðu þær að ná til alls heimsins og hafa sömu gereyðandi áhrif, miskunnarlausar og stórhættulegar lífi manna og dýra.

Þessar plágur sem við búum nú við í dag virðast vera svar móður Náttúru vegna brota okkar gegn lögmálum hennar, vísindunum. Þessar plágur eru því bein afleiðing af því sem við sjálf höfum gert.

Plágurnar okkar í dag eru þessar víða um heim:

- Þurrkar og vatnsskortur.
- Stormar sem eyða öllu með vaxandi krafti.
- Skógareldar sem eyða öllu og menga.
- Hungursneyð og uppskerubrestir.
- Fellir húsdýra vegna vatns- og fóðurskorts.
- Skordýradauði, 40% skordýrategunda fara hratt minnkandi og þriðjungur tegunda er í útrýmingarhættu.
- Engisprettufaraldrar í Afríku, Ástralíu, Indlandi og Arabíuskaga.
- Óbærilegar hitabylgjur á landi og sérstaklega í hafinu.
- Heimsplágur, Covid-19, AIDS, SARS, ebóla og fleiri á leiðinni.
- Útdauði alls lífs á jörðu, sjötti aldauðinn er hafinn (75% dauði lífríkisins innan 2,8 milljóna ára).

Sumar þessar plágur eru þegar hafnar en aðrar eru lengra komnar. Allar eru þær bráðdrepandi og eyða lífi og gróðri þar sem þær geisa.

Plágur eyða yfirleitt ekki öllu lífi í einu lagi um allan heim, heldur leggjast þær á misstór svæði og lönd. Algengt er að þessi svæði þurfi langan tíma til að jafna sig og byggjast upp aftur, sé það mögulegt.

Það má svo sem hafa skoðanir á því hvað sé hér rétt eða rangt en vonandi skilst okkur að jörðin er okkar Paradís, þar sem nóg er til ef auðlegð jarðar væri jafnt skipt milli íbúanna í Paradís. Ef við hins vegar níðumst á móður Náttúru með græðgi og eyðum skógum, heilu vistkerfunum og mengum eins og við gerum í dag – þá bregst Náttúran við og refsar grimmilega, því það er hennar eðli samkvæmt lögmálinu, hvað sem okkur finnst svo um það.

> Spurningin hlýtur þá að vera hvort við getum breytt okkur og hætt þessari græðgi, hætt að ráðast gegn Náttúrunni, hætt að fara gegn vísindunum og hafið uppbygginguna.

Fáar plágur koma einar og sér, því vistkerfin okkar eru í reynd mjög tengd og viðkvæm.

Til hvers var þetta jarðlíf?

En eigum við von? Getum við ekki bara lofað öllu fögru eins og faraóinn og þá hættir þetta?

Spurningin hlýtur þá að vera hvort við getum breytt okkur og hætt þessari græðgi, hætt að ráðast gegn Náttúrunni, hætt að fara gegn vísindunum og hafið uppbygginguna. Ef svo er þá ættum við að eiga tækifæri til að aflétta plágunum til að geta svo haldið áfram þessari dásamlegu vist okkar í Paradís.

En þessu svarar stærðfræðin þó hástöfum – að það séu sífellt minni líkur á því!

Samkvæmt nýrri loftslagsskýrslu Sameinuðu þjóðanna (SÞ) er sagt að í byrjun 2030 muni fara að hlýna um 1,5°C um allan heim eða um 10 árum fyrr en síðasta spáin sagði. Dr. Peter Carter, hópstjóri hjá einni loftslagsnefnd SÞ, sagðist í viðtali fyrr á þessu ári, hafa séð eina nýjustu tölvuspána segja 2028 eða eftir um 7 ár. Þá gæti orðið erfitt að rækta hveiti, hrísgrjón eða maís sem eru um helmingur matarforða mannkyns og til að bæta gráu ofan á svart þá fer okkur ört fjölgandi í þokkabót.

Mun líklegra er að þessar plágur muni versna hratt og magnast og ná loks að eyða nær öllu lífi á jörðinni og að það muni gerast fljótlega og mjög hratt, eiginlega eldsnöggt á jarðfræðilegum mælikvarða – eða svo segja vísindin.

Samkvæmt spám loftslagsnefndar SÞ mun jörðin hafa hlýnað í 4°C í lok þessarar aldar. Við þá hitastigshækkun verður lítið um lífvænlega staði á jörðinni og allt mannkyn sem þá er enn til, líklega komið á hraðan flótta til pólanna, í skjól.

Það væri ábyggilega fallega gert að segja nú eitthvað á þá leið – að við hljótum nú að geta snúið þessu við – en meðan ekkert er að gerast, þá er nú ekki mikil von heldur og þá væri ekki fallega gert eða rétt að koma fram með slíkar falsvonir. ■

Ástkær sonur okkar og bróðir,

Einar Vignir Sigurjónsson

Álfaskeiði 127, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 20. október kl. 13.00.

Elín S. Hallgrímsdóttir **Sigurjón E. Einarsson**
Hrafnhildur Elínardóttir
Íris Sigurjónsdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Kristbjörg Inga Magnúsdóttir

lést í faðmi ástvina sinna á Droplaugarstöðum þann 4. október. Jarðsungið verður frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 21. október kl. 11.00. Hægt er að nálgast streymi frá útförinni á www.skjaskot.is/kristbjorg

Laufey M. Jóhannesdóttir
Guðmann S. Jóhannesson
Birgir S. Jóhannesson
Rósa Jóhannesdóttir
Hulda B. Jóhannesdóttir
börn og barnabarnabörn.

Rósa F. Friðriksdóttir
Anna M. Bragadóttir

Okkar elskaði sonur og bróðir,

Snorri Harðarson

varð bráðkvaddur á heimili sínu Asparfelli 8, Reykjavík. Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 22. október kl. 14.00.

Sigríður Ása Einarsdóttir og fjölskylda.

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | **utfor.is**

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Gripið í ættarstrenginn

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir skrifaði bókina Ilmreyr sem kveðju til móður sinnar.

arnartomas@frettabladid.is

Ólína segir að það hafi verið visst ferðalag að skrifa bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ilmreyr er nýútgefin bók Ólínu Kjerúlf Þorvarðardóttur sem hún skrifar sem kveðju til móður sinnar, Magdalenu Thoroddsen, sem lést árið 2018. Bókin er um leið óður til formæðra og -feðra sem háðu lífsstríð sitt á Vestfjörðum.

„Ég byrjaði að skrifa þessa bók við banabeð móður minnar fyrir þremur árum síðan," segir Ólína. „Þá reikaði hugurinn aftur í tímann til minninganna sem tengdust okkur báðum. Margt af því eru sögur og ljóð sem hún miðlaði okkur dætrum sínum – minningar hennar sjálfrar, móður hennar og formæðra sem hafa lifað í sögum og sögnum fjölskyldunnar. Við skrifin má segja að ég hafi gripið í ættarstrenginn, ef hann er sambærilegur naflastrengnum, og fundið æðasláttinn þar."

Bókin er sjálfsævisöguleg að hluta. Ólína fjallar meðal annars um bernsku sína og ungdómsár, en segir einnig fjölskyldusögu. Hún tvinnar saman þjóðfræði, sagnfræði og skáldskap í eina samfellda heild sem að hluta er saga hennar sjálfrar. „Ilmreyr er eiginlega samofin saga úr ýmsum þáttum," segir hún.

Magdalena, móðir Ólínu, fæddist árið 1926 og ólst upp í Vatnsdal í Patreksfirði. „Það var sagt um bát Vatnsdalsmanna að hann þekktist á söngnum sem þaðan barst þegar róið var á miðin," segir Ólína. „Mamma var alin upp á mannmörgu heimili í fjórtán systkina hópi. Lífsbarátta var hörð en samt mikil menning og oft glatt á hjalla. Til að mynda styrkti afi stofugólfið svo hægt væri að dansa á laugardögum."

Strengur milli kynslóða

Magdalena var ein af fyrstu menntuðu blaðamönnum Íslands. Hún sigldi til Stokkhólms 22 ára gömul og sneri aftur til Íslands með blaðamannapróf og vann bæði á Morgunblaðinu og Tímanum. „Hún var líka skáldmælt og góður rithöfundur þótt hún gæfi ekkert út eftir sig," segir Ólína. „Mig langaði að láta hana sjálfa njóta sín í þessari bók – sögurnar hennar og ljóðmælin sem varpa ljósi á líf hennar og rætur. Um leið skýri ég samband okkar og samskipti í gegnum tíðina og spegla þannig sjálfa mig í uppruna mínum."

Ólína lýsir skrifum bókarinnar sem vissu ferðalagi og að eftir á að hyggja hafi hún verið ákveðin úrvinnsla, jafnvel uppgjör. „Það er einhver sameiginlegur þráður í lífi kvennanna í bókinni sem kom mér aðeins á óvart," segir Ólína. „Þótt samfélagið hafi mikið breyst á þeim tíma sem bókin spannar þá eru konurnar í ættinni, kynslóð fram af kynslóð, að kljást við sameiginlegar áskoranir og hlutskipti. Það er sérstakt að fara í svona leiðangur, spegla sig í lífi formæðra sinna og finna þannig fyrir strengnum sem tengir kynslóðirnar." ■

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ríkey Guðmundsdóttir

Boðaþingi 8, Kópavogi,

lést 7. október. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 22. október kl. 13.

Oddný Vestmann
Elmar Guðmundsson
Svala Guðmundsdóttir
Sandra Guðmundsdóttir

Kristján Þorvaldsson
Kulisara Tonan
Steindór Karvelsson
Magnús Magnússon

og ömmubörn.

Ástkær móðir okkar,

Hólmfríður Gestsdóttir

Sunnubraut 8, Kópavogi,

andaðist í Sunnuhlíð 15. október. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 1. nóvember klukkan 15.00.

Gestur Jónsson
Helga Jónsdóttir
Skafti Jónsson
Gunnar Jónsson
og fjölskyldur.

Hjartkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Haukur Ingimarsson

bifreiðasmiður, Boðaþingi 22, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans laugardaginn 18. september síðastliðinn. Þökkum fjölskyldunni og vinum auðsýnda samúð og hlýhug sem og starfsfólki Líknardeildarinnar fyrir góða og elskulega umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

María Jóna Hauksdóttir
Haukur S. Þorsteinsson
Steinn Ingi Þorsteinsson

Þorsteinn Sæmundsson
Ríkey Valdimarsdóttir
Kristín María Stefánsdóttir

Júníana Tinna, Eiríkur Ingimar, Hjálmar Freyr, Agla María, Elín Amalía og nýfædd lítil stúlka

Innilegar þakkir til ykkar allra sem sýnduð samúð og hlýhug í veikindum og við fráfall okkar ástkæra

Gunnlaugs V. Snævarr

Sérstakar þakkir fær starfsfólk gjörgæslunnar við Hringbraut.

Auður Adamsdóttir, Þórhildur Erla Pálsdóttir, Jóna G. Snævarr, Ingibjörg A. Snævarr, Stefanía Rósa Snævarr, Ingimar Einarsson, Stefán Þór Ingimarsson, Anna Guðrún Birgisdóttir, Inga Jóna Ingimarsdóttir, Gunnar Jakob Briem

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Marteinsdóttir

verslunarkona,

lést sunnudaginn 3. október á Hjúkrunarheimilinu Seltjörn á Seltjarnarnesi. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju miðvikudaginn 20. október kl. 13.00.

Lilja Jónsdóttir
Marteinn Jónsson
Kristján Jónsson

Ragnar Daníel Stefánsson
Þórunn Björg Ásmundardóttir
Kristín Ólöf Jansen

barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar yndislegi sonur, barnabarn, barnabarnabarn, frændi og vinur,

Theodór Máni Fannarsson

prakkari,

lést í fangi foreldra sinna umvafinn ást og kærleik á heimili sínu þann 7. október. Útför fer fram í Háteigskirkju fimmtudaginn 21. október klukkan 13. Sérstakar þakkir fær hið einstaka starfsfólk Barnaspítala Hringsins, heimaþjónustu barna og þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Anna Gréta Oddsdóttir
Rakel Kristjánsdóttir
Jóna Guðný Jónsdóttir
Oddur Hafsteinsson

Fannar Guðmundsson
Guðmundur Haraldsson
María Auður Steingrímsdóttir

fjölskyldur og vinir.

TYGGÐU EXTRA
TIL GÓÐRA VERKA

MEÐ ÞVÍ AÐ TYGGJA EXTRA STYÐUR ÞÚ SOS BARNAÞORPIN TIL BÆTTRAR TANNHEILSU BARNA Í GHANA OG BOTSWANA

WRIGLEY'S Extra

Í SAMSTARFI VIÐ

SOS BARNAÞORPIN
Öll börn vilja gott heimili

Í OKTÓBER OG NÓVEMBER

Veðurspá Þriðjudagur



Norðaustan 15-23 m/s í dag. Rigning eða slydda norðan- og austanlands, en él á þeim slóðum seinnipartinn. Yfirleitt þurrt veður sunnan heiða. Kólnandi veður. Hiti -1 til 6 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Hilmir Freyr Heimsson (2.253) átti leik gegn Rasmus Thorersen (2.278) á móti í Óðinsvéum um helgina.

29. Bh3! Dxh3 30. Dxe5 og Hilmir vann nokkru síðar. Hilmir vann mótið örugglega. Hlaut 4½ vinning af 5 mögulegum. EM ungmenna í netskák er í fullum gangi og er sex umferðum af níu lokið. Gunnar Erik Guðmundsson var efstur íslensku ungmennanna eftir 5 umferðir.

www.skak.is: EM ungmenna í netskák. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 hallmæla
5 extra
6 tveir eins
8 slitna
10 átt
11 kveinstafir
12 snap
13 kríki
15 argar
17 róta

LÓÐRÉTT
1 úrtölur
2 forir
3 sjáðu
4 nytjar
7 gata á prófi
9 ráfa
12 marr
14 tímabils
16 rykkorn



LÁRÉTT: **1** lasta, 5 auk, 6 ff, 8 trosna, 10 na, 11 vol, 12 þett, 13 nári, 15 gramar, 17 skara.
LÓÐRÉTT: **1** latning, 2 aura, 3 sko, 4 afnot, 7 fallera, 9 sveima, 12 þrak, 14 árs, 16 ar.

Sudoku

9		3	7				1	
	8	2	5					4
5			6	2	3	7		
4		1			2	5	9	
				3	7		6	1
3	9						2	
			2	1	5			
8	4	9						
1			4	8		3		

		7				2		
9	6	8				3		
			5	7	9	1		
		3	2			5		
	1	6			5		7	
			4				6	
				9	8	6		
			7		1			
	4							1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Sjálf er ég með ákveðna túlkun í huga, segir Hildur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fleiri áfangastaðir

Myrkrið milli stjarnanna er hrollvekja eftir Hildi Knútsdóttur.

kolbrunb@frettabladid.is

Aðalpersóna skáldsögunnar er Iðunn sem vaknar örmagna á morgnana, jafnvel með sýnilega áverka. Ekki er rétt að segja meira en við tekur hrollvekjandi atburðarás.

Hildur hefur skrifað bækur fyrir börn og fullorðna en hún er þekktust fyrir ungmennabækur sínar sem unnið hafa til verðlauna.

Mikil ringulreið

„Þetta er fyrsta af bókunum mínum sem er gefin út sem fullorðinsbók síðan fyrsta skáldsagan mín Sláttur kom út. En Sláttur er reyndar mikið lesin af unglingum í menntaskólum," segir Hildur. „Ég er búin að skrifa tvíleik og síðan þríleik og mig langaði að koma með eina stutta sögu sem stendur sjálfstæð."

Aðalpersónan Iðunn, sem er á fertugsaldri, segir söguna. „Öll form hafa kosti og galla. Mér fannst fyrstu persónu frásögn passa þessari sögu. Þannig kemst lesandinn nær persónunni. Það er mikil ringulreið í höfðinu á Iðunni og fyrsta persóna hentar því vel," segir Hildur.

Ólíkar túlkanir

Um dularfulla atburðarás og lok sögunnar segir hún: „Margir halda að það að skrifa snúist um hvernig maður miðlar upplýsingum til lesenda, en mér finnst það ekki síst snúast um það hvernig maður heldur upplýsingum frá lesandanum. Allar mínar bækur eru með frekar opinn endi en þetta er kannski sú óræðasta fram að þessu. Þeir lesendur sem ég hef heyrt í túlka hana allir ólíkt. Sjálf er ég með ákveðna túlkun í huga en ég lærði bókmenntafræði og veit að höfundurinn á ekki túlkunarrétt á eigin verki.

Ég held að ástæðan fyrir því að ég laðast að fantasíunni sé meðal annars sú að fyrir mér eru bæði lestur og skrif ákveðinn raunveruleikaflótti. Og ef maður opnar á fleiri möguleika en okkar raunheimur býður upp á þá verða áfangastaðirnir sem maður getur flúið til miklu fleiri. Sem höfundur finnst mér það líka spennandi. Og ég held að við höfum öll fengið alveg nógu stóra skammta af raunveruleika undanfarið."

Er ekki krefjandi að skrifa bók markvisst í þeim tilgangi að hræða lesendur? „Sem lesandi finnst mér gaman að láta hræða mig en sem höfundur er stundum erfitt að vita fyrir fram hversu vel það tekst. En það eru allavega nokkrir búnir að lesa sem urðu hræddir!" ■

> Margir halda að það að skrifa snúist um hvernig maður miðlar upplýsingum til lesenda, en mér finnst það ekki síst snúast um það hvernig maður heldur upplýsingum frá lesandanum.

Andri Björn Róbertsson söng stefin af gríðarlegri innlifun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í hæstu hæðum

TÓNLIST

Andri Björn Róbertsson og Ástríður Alda Sigurðardóttir fluttu tónlist eftir Schumann og Árna Thorsteinsson Norðurljós í Hörpu þriðjudaginn 12. október

Jónas Sen

Geðhvörf einkennast af miklum öfgum í tilfinningalífinu. Þau eru ekki fyndin, en húmorinn léttir samt lífið. Brandarakarl sagði eitt sinn: „Þegar ég var greindur með geðhvörf, þá vissi ég ekki hvort ég átti að hlæja eða gráta."

Hjá tónskáldinu Róbert Schumann, sem var með geðhvarfasýki, var það hlátur í einhver ár, en svo syrti í álinn. Á meðan allt lék í lyndi samdi hann óteljandi verk, og þau eru mögnuð. Geðhæðin fyllti hann krafti, jafnvel ofskynjunum sem veittu honum innblástur. Eitt sinn sagðist hann hafa heyrt englakór syngja, sem gaf honum hugmyndir að miklu píanóverki. Hann samdi flest verka sinna á ótrúlega stuttu tímabili.

Andri Björn Róbertsson bassabariton var með fókusinn á Schumann á tónleikum hans og Ástríðar Öldu Sigurðardóttur píanóleikara í Hörpu á þriðjudagskvöldið. Hann flutti tvo söngljóðabálka eftir tónskáldið, en fleygaði þá með lögum eftir Árna Thorsteinsson.

Ástin sem aldrei kom

Fyrri bálkurinn nefndist Liederkreis op. 24 og var við ljóð eftir Heinrich Heine. Tónlistin var hrífandi, þótt ekki væri sérlega bjart yfir henni. Kveðskapurinn fjallaði um ástina hjá manni sem ekki fær hana höndlað. Hann bíður stöðugt eftir henni, en hún kemur aldrei.

Tónlistin einkenndist af safaríkum laglínum og töfrandi hljómum. Andri Björn söng stefin af gríðarlegri innlifun. Röddin var þróttmikil og stór, tæknin aðdáunarverð. Ástríður Alda spilaði af festu, leikur hennar var tær og agaður, en samt gæddur nauðsynlegri snerpu. Þetta var magnað.

Ferköntuð píanórödd

Áhugavert var að bera saman hlutverk píanósins í lögum Schumanns og þeirra sem Árni Thorsteinsson samdi. Í Schumann er píanóleikurinn mótrödd, hann skapar andrúmsloftið sem umvefur sönginn, lyftir honum upp í hæstu hæðir. Hjá Árna er píanóleikurinn miklu ferkantaðri. Þar er hann bara undirleikur.

Sálmurinn Friður á jörðu er þó undantekning. Píanóleikurinn skapar dáleiðandi bylgjuhreyfingu sem söngurinn siglir mjúklega á, svo hann virðist tímalaus.

Burtséð frá hugmyndasnauðum undirleiknum voru lögin eftir Árna falleg, stefin voru innblásin og Andri Björn söng þau af fagmennsku og smitandi einlægni.

Af yfirmáta krafti

Síðari söngljóðabálkurinn eftir Schumann var Liederkreis op. 39. Tónlistin var hér meira grípandi en í fyrri bálknum, stefin krassandi og píanóleikurinn djarfari. Aftur var flutningurinn í fremstu röð. Andri Björn söng stórfenglega, af yfirmáta krafti, en samt af næmri tilfinningu fyrir inntaki hvers ljóðs. Ástríður Alda spilaði af fullkominni kunnáttu og smekkvísi. Saman sköpuðu þau tónaseið sem lengi verður í minnum hafður. ■

NIÐURSTAÐA: Tveir söngljóðabálkar eftir Schumann voru forkunnarfagrir hjá söngvara og píanóleikara, og lög eftir Árna Thorsteinsson voru hrífandi.

Undir fullu tungli

kolbrunb@frettabladid.is

Tunglkvöld N°XIII verður haldið í gamla bænum við Gróttuvita, miðvikudaginn 20. október. Dagskráin hefst klukkan 21.30. Á Tunglkvöldinu koma út bækurnar Rauðir hestar eftir Elísabetu Jökulsdóttur og Ljósagangur, vísindaskáldsaga eftir Dag Hjartarson Þær koma út í 69 númeruðum eintökum hvor.

Á Tunglkvöldum er lesið upp úr bókunum, tónlist flutt, gjörningar framdir. Bækurnar tvær eru til sölu á meðan dagskráin lifir en það sem óselt er á miðnætti er sett á eldinn og brennt, í samræmi við hefðir, enda lifa Tunglbækur ekki nema kvöldstund.

Í Ljósagangi skýtur niður aldanna upp kollinum í Reykjavík og verður örlagavaldur í ástarsambandi ungs pars í Hlíðunum. Þetta er fyrsta vísindaskáldsaga Dags. Rauðir hestar er myndverkabók í þremur hlutum. Hún fjallar um stúlku, föður, skáldskap og hesta sem þjóta um æðar og blaðsíður. ■

Elísabet Jökulsdóttir gefur út nýja bók. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Það sem óselt er á miðnætti er sett á eldinn og brennt, í samræmi við hefðir.

HAMINGJAN FLÆÐIR EINS OG GÍTARSÓLÓ

Ný bók eftir Gerði Kristnýju - sjálfstætt framhald af *Iðunni og afa pönk* sem gladdi bæði pönkara og aðra lesendur upp í hanakamba.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17

Þriðjudagur

Hringbraut

18.00 Karlmennskan (e) Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Lífið er lag (e) Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón. Sigurður K. Kolbeinsson.
20.00 433.is 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
20.30 Fréttavaktin (e) Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Sirkussjómennirnir
12.05 Tíu fingur Auður Hafsteinsdóttir.
13.05 Í 50 ár Keflavík í 50 ár.
13.45 Pricebræður elda mat úr héraði
14.15 Brautryðjendur Gunnhildur Emilsdóttir.
14.45 Eyðibýli Öxney.
15.25 Manndómsár Mikkos - Fjórða þrautin - hjólreiðar
15.55 Hljómskálinn III
16.25 Menningin - samantekt
16.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
16.55 Íslendingar Jónas Árnason.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Handboltaáskorunin
18.13 Bitið, brennt og stungið
18.20 Áhugamálið mitt
18.28 Hönnunarstirnin
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Strange Days. Flytjandi: Pale Moon. Höfundar: Árni Guðjónsson og Natalia Sushchenko.
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi.
19.50 Menningin
20.05 Kveikur Þáttur í anda klassíska fréttaskýringaþátta með áherslu á rannsóknarblaðamennsku sem sendur er út hálfsmánaðarlega.
20.55 Núvitund í náttúrunni Mindful Earth Stuttir hugleiðsluþættir þar sem náttúrulífsmyndum, tónlist og hljóðum er blandað saman á róandi hátt.
21.10 Frelsið Friheden
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Vammlaus No Offence
23.05 Við Us
00.05 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.00 European Tour Útsending frá Estrella Damm N.A. Andalucia Masters
12.00 European Estrella .Damm N.A. Andalucia Master.
17.00 European Estrella Damm N.A. Andalucia Master.
21.30 European Tour - Highlights
22.15 European Estrella Damm N.A. Andalucia Masters.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Survivor
15.50 A.P. BIO Gamanþáttur um heimspekiprófessor við Harvard-háskóla sem lendir í vandræðum og þarf að sætta sig við að kenna menntaskólakrökkum líffræði.
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 A Million Little Things
21.00 FBI. Most Wanted Bandarísk þáttaröð um liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, sem eltast við hættulegustu glæpamenn Bandaríkjanna.
21.50 The Good Fight
22.35 The Chi
23.25 The Late Late Show
00.10 How to Get Away with Murder
00.55 New Amsterdam
01.40 Good Trouble
02.25 Interrogation Mögnuð þáttaröð sem byggð er á sannri sögu. Ungur maður er sakaður um morðið á móður sinni.

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan. Í verum, fyrra bindi (18 af 27)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir

Stöð 2 Bíó

11.30 Charlie and the Chocolate Factory
13.20 Dater's Handbook
14.45 The Night Is Young
16.15 Charlie and the Chocolate Factory
18.05 Dater's Handbook
19.30 The Night Is Young
21.00 Colette
22.45 The Hangover
00.25 211
01.50 Colette

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.10 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Grey's Anatomy
10.05 Logi í beinni
10.50 Suits
11.30 NCIS
12.10 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Matargleði Evu
13.15 Cherish the Day
14.00 Katy Keene
14.40 Family Law
15.20 Feðgar á ferð
15.45 Veronica Mars
16.25 The Masked Dancer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Shark Tank
19.50 The Goldbergs
20.15 The Dog House
21.05 Hamilton
21.50 SurrealEstate
22.40 The Wire
23.35 Afbrigði
00.05 Vigil
01.05 Grey's Anatomy
01.50 Mrs. Fletcher
02.25 The Mentalist
03.05 Grey's Anatomy
03.45 Suits
04.25 Friends

Stöð 2 Sport

08.00 Seinni bylgjan 4. umferð
09.15 Seinni bylgjan kvenna 3. umferð
10.15 Aftureldingar - Grótta Útsending frá leik í Olís-deild karla.
11.40 Valur - ÍBV
13.05 Aftureldingar - Stjarnan Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
14.25 Aftureldingar - Grótta
15.50 Seinni bylgjan 4. umferð
17.05 Seinni bylgjan kvenna 3. umferð
18.05 Úrslitaleikur. ÍA - Víkingur R. Útsending frá úrslitaleiknum í Mjólkurbikar karla.
20.05 Þór Þ. - Vestri Útsending frá leik í Subway-deild karla í körfubolta.
21.45 2. umferð Helstu tilþrifin úr leikjum í Subway-úrvalsdeild karla í körfubolta
22.35 Seinni bylgjan 4. umferð
23.50 Seinni bylgjan kvenna 3. umferð

Stöð 2 Sport 2

07.45 Football League Show
08.10 Þjóðadeildin - Uppgjör
08.50 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
09.15 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
10.05 AC Milan - Atletico Madrid
11.55 Ajax - Borussia Dortmund Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
13.55 Atletico Madrid - Liverpool Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
15.55 PSG - Manchester City
17.35 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar
18.15 Meistaradeildin - Upphitun
18.50 PSG - Leipzig Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.45 Lokasóknin
22.20 Fréttaþáttur Evrópudeildarinnar
23.10 The Fifth Quarter
23.30 Milwaukee Bucks - Brooklyn Nets Bein útsending frá leik í NBA.

Svífðu inn í draumalandið með náttúrulegum Íslenskum ullarsængum.

EMBLA er heilsárssæng gerð úr Íslenskri ull sem er náttúrulegur kostur fyrir heilnæman svefn. Íslenska ullin er sérstök vegna öndunareiginleika sinnar, hitajöfnunar og hversu temprandi hún er. Sængin er létt og viðheldur þægilegu og réttu rakastigi.

Mosi ullarkoddinn úr fíngerðum og sérgerðum ullarhnoðrum úr íslenskri ull. Rennilás á koddanum gerir það auðvelt að fjarlægja eða bæta við ullarhnoðrum til að finna rétta þykkt og aðlaga koddann eftir þínu höfði. Ytra ver koddans sem er fóðrað með ull, er með renndu hólfi sem hægt er að setja hita- eða kælipoka í ef vill. Koddinn hefur því marga möguleika til að bæta svefn og vellíðan.

Freyr yfirdýna er úr íslenskri ull og stuðlar að heilnæmum svefni. Yfirdýnan getur aukið gæði svefnsins því hún aðlagar sig vel að líkamanum, aðstoðar við hitajöfnun og er unnin úr náttúrulegum efnum. Íslenska ullin er sérstök vegna þess hve vel hún andar sem hefur temprandi áhrif. Yfirdýnan er einstaklega létt og meðfærileg

Hentar vel fyrir þá sem kjósa náttúrulegar og sjálfbærar vörur.
Uppfylla OEKO TEX 100 staðalinn og hafa einstaklega lítið kolefnisspor.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Lykilspurningin

Hvernig fer Ófærð 3 af stað?

toti@frettabladid.is

Þriðja þáttaröð spennuþáttanna Ófærðar hóf göngu sína á RÚV á sunnudagskvöld og Andri dróst strax inn í morðrannsókn á gömlum heimaslóðum þar sem Hinrika, arftaki hans, tók honum fagnandi.

Berglind Rún Torfadóttir
verkefnastjóri
Ég er búin að bíða spennt eftir Ófærð líkt og aðrir landsmenn og þetta fór svona líka glimrandi vel af stað. Byrjaði með líkfundi á fyrstu mínútunum og síðan eru þarna bæði sértrúarhópur og mótorhjólagengi fyrir norðan, ég held að við eigum von á miklum hasar í vetur.

Kolbrún Erna Pétursdóttir
leikkona
Þetta fór ágætlega af stað, en mér fannst ákveðnir hlutir skrítnir. Til dæmis þetta risastóra vélhjólagengi sem maður veit að fengi ekki að koma hingað til lands óáreitt. Þetta var aðeins of mikið og eyðilagði sjarmann en svo er ekki hægt að vita hvernig framhaldið verður. Það sem er samt gott við Ófærð er að það hafa ekki verið einhverjar stórar glæpasenur.

Margrét Gauja Magnúsdóttir
deildarstjóri Ungmennahúsa í Hafnarfirði
21.05 er of seint. Ég er miðaldra. Ég sofnaði. BEINT EFTIR FRÉTTIR. Takk. ■

Hvað ef það yrðu ekki jól?

Íslenska barnamyndin Birta segir frá ellefu ára stúlku sem óttast að það verði engin jól eftir að hún fær veður af fjárhagserfiðleikum móður sinnar og grípur því til sinna ráða. Handritshöfundurinn Helga Arnardóttir sótti innblástur í eigin reynslu, bæði sem barn og foreldri.

svavamarin@frettabladid.is

Það er hart í búi hjá mæðgunum þannig að Birta ákveður að bjarga jólunum. MYNDIR/AÐSENDAR

„Þetta er ljúfsár og ótrúlega húmorísk mynd um það hvernig börnin sjá það kómíska í aðstæðum sem koma upp í okkar daglega ströggli í lífinu," segir Helga Arnardóttir, handritshöfundur barnamyndarinnar sem er nefnd eftir aðalpersónunni, Birtu.

„Mig langaði að gera jólasögu og hugsaði hvað ef það yrðu ekki jól?" segir Helga og bætir við að sagan byggi á hennar eigin persónulegu reynslu frá því hún var barn.

Mamma var „freelance" listamaður og hafði ekki fengið borgað fyrir verkefni ein jólin. Það var algjört klúður og ég heyrði hana tala um áhyggjur sína við einhvern. Hún lét mig ekki finna fyrir því og sagði: „Nei, nei, Helga mín, engar áhyggjur, það verða alltaf jól." Mig hefði aldrei grunað að það yrðu ekki jól."

Helga segir söguþráðinn sækja í þessa reynslu og leggur áherslu á hversu mikil áhrif þetta hafi í raun haft á hana. „Maður þarf að vera varkár í kringum börn. Það eru svo ekki allir í þeirri aðstöðu að geta keypt íþróttaskó, til dæmis, og börnin gera sér ekki alltaf grein fyrir því. Hvað þá þegar foreldri er einstætt."

Birta fjallar um einstæða móður með tvær dætur. Hún vinnur öllum stundum sem hjúkrunarfræðingur. Birta, dóttir hennar, hlerar óvart símtal mömmu sinnar við vinkonu þar sem hún segist ekki hafa efni á að halda jól og myndi þurfa 100 þúsund krónur til þess að það sé hægt sem aftur verður til þess að Birta grípur til sinna ráða.

„Þótt viðfangsefnið sé erfitt þá er það ekki hræðilegt," segir Helga. „Ég vildi fara í þessa millistéttarfjölskyldu sem er í þessu tilfelli móðir en það má ekki heldur gleyma einstæðum feðrum."

Þetta snýr að foreldrum sem eru í þessu daglega ströggli við að sinna daglegum skyldum. „Sinna heimilinu, þvotti, innkaupum, lesa heima, svara öllum póstum og því sem tengist vinnunni. Svo viljum við að út á við líti börnin vel út. Þetta er svakaleg byrði," segir Helga.

Birta er sannkallaður heimilisiðnaður hjónanna Helgu Arnardóttur og Braga Þórs Hinrikssonar þar sem hann leikstýrir eftir handriti hennar.

Salka Sól og Kristín Erla Pétursdóttir leika mæðgurnar í Birtu.

Margrét Júlía Reynisdóttir og Kristín Erla Pétursdóttir leika systurnar sem láta ekki hugfallast.

Félagslegur þrýstingur

„Einstæðir foreldrar ættu að fá miklu hærri barnabætur og frístundastyrk, eins frábær og frístundastyrkurinn er þá dugar hann bara fyrir einni boltaíþrótt, ekki fyrir fimleikum.

Ég þekki þetta af eigin raun. Ég þurfti að skipta vísagreiðslum á þrjú tímabil til að gera mig ekki blanka. Þarna var ég að vinna í Kastljósi og konan sem var að afgreiða horfði á mig og sagði skrítið að kona í minni stöðu þyrfti að gera þetta. Hún missti þetta greinilega út úr sér. En ég hugsaði hvort ég ætti að finna til skammar," segir Helga.

> **Mig hefði aldrei grunað að það yrðu ekki jól.**

„Ég var ekki fátæk heldur blönk um mánaðamótin og að reyna að halda öllum boltum á lofti sem einstætt foreldri. Ég var á einföldum ríkislaunum og að fara eftir kröfum samfélagsins. Það er oft ekki skilningur fyrir því."

Kvikmyndin Birta er fyrsta íslenska leikna barna- og fjölskyldumyndin frá því að Víti í Vestmannaeyjum var frumsýnd árið 2018 sem einnig var leikstýrt af Braga Þór Hinrikssyni. Birta verður frumsýnd þann 5. nóvember í Smárabíó, Háskólabíói, Laugarásbíói og Borgarbíói á Akureyri og fer einnig í Símann Premium þann 25. nóvember. ■

Axel Pétur saknar geðgreininga Harmageddon

Hvernig ertu?

toti@frettabladid.is

„Ég er bara eins og blómi í eggi. Ég á svo góða fjölskyldu. Fimm börn á heimilinu og frábær kona," segir Axel Pétur Axelsson sem býr í Svíþjóð þaðan sem hann greinir og setur fram samsæriskenningar á YouTube-rás sinni FrelsiTV.

Axel Pétur var svo gott sem fastur liður í útvarpsþættinum Harmageddon á meðan hann var í loftinu og var þar tíðrætt um falska fána þegar þeir Frosti og Máni, eða „geðgreinendurnir" eins og hann kallar þá, slógu reglulega á þráðinn til hans.

„Það er ágæt þjónusta að fá svona geðrannsókn á tveggja vikna fresti. Ekkert að því," segir Axel Pétur og bætir við að ekki sé laust við að hann sakni Harmageddon dálítið og þess að heyra ekki reglulega í þeim Mána og Frosta. „Ég sakna þess að fá ekki reglulega geðgreiningar."

Þorkell Máni Pétursson og Frosti Logason hættu, eins og sjálfsagt alþjóð veit, með Harmageddon undir lok síðasta mánaðar eftir fjórtán farsæl og umdeild ár.

Axel Pétur segist hafa það frá Frosta að mestu lætin og símtölin í kringum þáttinn hafi verið þegar þeir töluðu við hann og sjálfum sér líkur er hann vitaskuld með samsæriskenningu um endalok þáttarins sem hann útilokar ekki að megi rekja til þess hversu oft þeir félagar heyrðu í honum.

„Þú ert fyrsti sem hringir eftir andlát Harmageddon. Þú færð eina stjörnu í kladdann fyrir það. Þú varst í mínus þrettán en ert þá kominn í mínus tólf. Þeir eru alveg frábærir drengir, báðir tveir," segir Axel Pétur um þá Harmageddon-bræður.

Axel Pétur unir hag sínum vel í Svíþjóð en neitar því ekki að hann sakni þess að heyra ekki lengur í Mána og Frosta í Harmageddon. MYND/AÐSEND

Geðgreiningum Mána og Frosta á Axel Pétri lauk með Harmageddon. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Við Frosti höfum reyndar átt betur skap saman. Ég veit að Máni var orðinn leiður á mér. Frosta fannst alltaf spennandi að heyra í mér," segir Axel Pétur fullur skilnings. „Ég er mjög meðvitaður um að ég er umdeildur." ■

REXTON
ÞÚ GRÍPUR ÞAÐ ÞÝÐINGARMESTA MEÐ M-CORE
Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

DC 8900
Klassískur og sérlega fallegur sófi með mjúku savoy/split leðri.
Fæst einnig 2,5 sæta með koníaksbrúnu eða svörtu leðri.
224 x 86 x 80 cm
266.137 kr. ~~329.990 kr.~~

CLEVELAND
Hornsófi. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
308 x 203/104 x 81 cm
161.292 kr. ~~199.990 kr.~~

DC 3600
3ja sæta sófi með slitsterku svörtu savoy/split leðri. Háir armar og viðarfætur. Einnig fáanlegur í koníaksbrúnu leðri.
202 x 80 x 80 cm
241.942 kr. ~~299.990 kr.~~

KEEP
2ja sæta. Koníakslitað bonded leður. 163 x 86 x 60 cm
169.357 kr. ~~209.990 kr.~~

www.husgagnahollin.is
VEFVERSLUN

Þú finnur bæklinginn á husgagnahollin.is

** Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og sófaborðum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.*

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

„Þetta var svo einstakur tími af því að það gat enginn stjórnað neinu. Þú þurftir að vera í núvitund og gera það sem þurfti að gera. Þetta var ótrúlegt," segir Vilborg. MYNDIR/AÐSENDAR

Hugleiðingar verða söguleg heimild um einstakan tíma

Þegar þjóðin neyddist til að hanga heima í kófinu skelltu hjónin Vilborg Halldórsdóttir og Helgi Björnsson á skeið með Reiðmönnum vindanna í þáttunum Heima með Helga þar sem hann söng með góðum gestum og Vilborg flutti stuttar hugvekjur sem hún hefur tekið saman á bók sem sögulega heimild um skrítna tíma.

toti@frettabladid.is

„Þetta fæddist náttúrlega bara allt svo skyndilega en ég var alltaf með hugleiðingar í þættinum Heima með Helga og var bara að bregðast jafnóðum við því sem var að gerast í samfélaginu. Eða í raun og veru að skálda inn í samtímann en taka um leið inn það sem var að gerast á þessum einstaka tíma," segir leikkonan Vilborg Halldórsdóttir um hugleiðingarnar sem hún gefur nú út í sinni fyrstu bók.

„Þetta voru tuttugu stuttar hugleiðingar. Yfirleitt eitthvað í kringum tvær mínútur. Eins ólíkar og þær eru margar og það var mjög gaman að fá tækifæri til þess að skapa inn í þennan miðil sem er svo lifandi því þetta var allt í beinni útsendingu. Þannig að maður var bara alltaf að tala beint við fólk. Eiginlega inn í hjarta þess og ég fékk svo mikil viðbrögð frá fólki."

Vilborg segir alls konar fólk, sem hún þekkti ekkert endilega, hafa stoppað hana á förnum vegi til þess að þakka henni fyrir hugleiðingarnar. Meðal annars með þeim

Vilborgu þóttu vatnslitamyndir Kristínar Þorkelsdóttur falla fullkomlega að hugleiðingum sínum.

orðum að þær væru eins og talaðar úr hjarta þeirra.

„Þetta var ótrúlegt. Ég bara klökkna þegar ég segi frá þessu. Ég er leikkona og hef starfað sem leiðsögumaður. Þannig að maður er alltaf að miðla en ég hef aldrei á ævinni fengið eins áþreifanleg þakkarviðbrögð eins og við þessum þætti sem átti bara að vera einu sinni," segir Vilborg og hlær þegar hún rifjar upp þegar þau Helgi ákváðu „bara að gera eitthvað svona streymi."

Engin leið að hætta

Þættirnir slógu hressilega í gegn og vinsældirnar eru slíkar að Helgi og Vilborg sjá enga ástæðu til þess að láta staðar numið og þættirnir eru komnir aftur á dagskrá Sjónvarps Símans á laugardagskvöldum.

„Þetta náttúrlega bara kvöldvaka og skemmtiþáttur en að mínu mati er ekkert þörf fyrir að ég sé ennþá með einhverja hugleiðingu eða hugstyrkingu fyrir fólk. Allavegana ekki í bili.

Ég er samt ennþá á skútunni og sé um leikmunina og tek á móti fólkinu og svo bara höldum við áfram þessari siglingu," segir Vilborg sem sneri sér að því að gefa hugleiðingum sínum áþreifanlegt framhaldslíf.

Minning um einstakan tíma

„Ég vildi að fólk gæti haft þetta í höndunum og gæti lesið þessa pistla og leitaði til vatnslitamálarans Kristínar Þorkelsdóttur, sem er alger brautryðjandi í grafískri hönnun, og við erum búnar að vera að vefa þessa sköpun saman ásamt Gunnhildi Ýri, nýútskrifuðum grafískum hönnuði frá LHÍ.

Hugmynd okkar er að það skipti ekki máli hvar þú opnar bókina. Þú bara lest eina hugleiðingu. Þetta er í raun og veru eins og dagbók um einstakan tíma," segir Vilborg en þau Helgi ákváðu að gefa bókina út sjálf og hún verður bæði fáanleg í bókabúðum og á vefsíðunni heimamedhelga.is á næstunni.

Eftir að hugmyndin að útgáfunni kviknaði varð Vilborgu hugsað til Kristínar og óræðra vatnslitamynda hennar sem henni fannst vera nákvæmlega sú umgjörð sem hentaði hugleiðingunum.

„Fólk tekur kannski eftir því, eða ekki, að ég nefni aldrei farsóttina og maður var aldrei eitthvað að predika. Maður er bara svona að taka á móti, opna hjarta sitt og deila með fólki af því að þessi tími var svo sérstakur vegna þess að við vorum öll í þessu saman." ■

Kristín Péturs leitar að snillingum

toti@frettabladid.is

Kristín Pétursdóttir, leikkona, förðunarfræðingur og samfélagsmiðlastjarna, er komin á fullt við undirbúning nýs förðunarþáttar sem hún kallar Make Up.

Þar ætlar hún að smala saman fólki með brennandi áhuga á förðun sem síðan bíða ýmsar áskoranir.

„Við erum að leita að upprennandi förðunarsnillingum," segir Kristín og lætur fljóta með að hún telji löngu kominn tíma á þátt í þessum anda.

Hún segir frumlega hugsun og ákveðna dirfsku ótvíræðan kost í förðun . „Og það er svolítið það sem fólk er að gera í dag á þessum helstu samfélagsmiðlum. Maður sér

Kristín Pétursdóttir, leikkona.

til dæmis þvílíkt listræna talenta á TikTok."

Þá nefnir hún einnig Instagram þar sem hún fylgist með skapandi stelpum og strákum. „Ég er í raun-inni bara að læra fullt af því að skoða svoleiðis myndbönd þótt ég sé kannski meira fyrir hefðbundna förðun."

Make Up-þættirnir sýndir í Sjónvarpi Símans en Kristín stefnir á upptökur í nóvember og desember. Þeir sem vilja freista þess að vera meðal þeirra sex sem verða fyrir valinu geta sótt um á makeup@siminn.is og gefa upp nafn, kennitölu og greina frá hvers vegna þau vilja vera með. Mynd þarf einnig að fylgja og myndband af viðkomandi að farða skemmir ekki fyrir.

Kristín segist þegar hafa fundið fyrir miklum áhuga. „Þannig að það er greinilega mikill áhugi og ég held að þetta renni bara vel af stað." ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ivar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

KFC

BACON TOWER

1.448 kr.

Original kjúklingabringa, ostur, beikon, kartöfluskífa, kál, tómatsósa og léttmæjó.

1.999 kr.

Bacon Tower borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og fyllt Appolo lakkríssúkkulaði.

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG

Bakþankar

Arnars Tómasar Valgeirssonar

Umboðsmenn

Ég er ansi merkilegur kall, eða í það minnsta það merkilegur að hafa farið í gegnum þó nokkra umboðsmenn á mínum lífstíma. Það hefur reyndar lítið verið fyrir þeim haft og ég hef ekki mikið þurft að pæla í þjónustunni sem er oftast óumbeðin. Umboðsmennirnir koma bara og fara eftir aðstæðum og ég hef satt best að segja ekki gott bókhald yfir þá alla.

Umboðsmaður barna beitti sér einu sinni fyrir hagsmunum mínum. Án þess að vita nákvæmlega hvert hlutverk hans er finnst mér líklegt að hann hafi í ungdæmi mínu barist fyrir afnámi tolla á knallettum og réttindum mínum til að henda grjóti oní skurð. Ég brenndi hins vegar allar brýr að baki mér hjá embættinu þegar ég náði átján ára aldri og finnst ólíklegt að ég eigi afturkvæmt á náðir hans.

Umboðsmaður borgarbúa var ábyggilega rosalega tilbúinn til að veita mér alls konar ráðgjöf sem viðkom borgarlífinu áður en hann sneri við mér bakinu þegar ég fluttist austur á Eyrarbakka. Ég hef enn ekki komið auga á Umboðsmann Árborgarbúa en hann er ábyggilega til húsa í kringum Pylsuvagninn á Selfossi.

Þá hef ég ekki uppfyllt hæfnikröfur til að þiggja þjónustu frá sérhæfðari umboðsmönnum á borð við Umboðsmann íslenska hestsins, en það má að miklu leyti rekja til þess að ég er ekki hestur.

Enn er óupptalinn sá sem mun líklega vinna fyrir mig til æviloka – Umboðsmaður skuldara. Sú langvarandi skuldbinding verður enn tilkomumeiri þegar litið er til þess að hann sinnir líka umboði fyrir nánast alla sem ég þekki. ■

ORMSSON
netgíró
4·3·3.is

433.IS
ÞRIÐJUDAGA KL. 20.00
Hörður Snævar, ritstjóri 433.is, fer yfir það helsta í fótboltaheiminum með helstu sparksérfræðingum landsins.
Þátturinn er sýndur samtímis á Hringbraut og 433.is
HRINGBRAUT

OUTLET
ÚTSALA
GERÐU FRÁBÆR KAUP

70%

ALLT AÐ **70% AFSLÁTTUR** AF **HEILSUDÝNUM**
SKIPTIDÝNUR · SÝNISHORN · ÚTLITSGALLAÐAR DÝNUR

MIKIÐ ÚRVAL AF STÆRÐUM
40-60%
200×200
KING SIZE: 193×203
180×210
50%
80×200
90×200
90×210
100×200

50%

VERÐ ÁÐUR 17.900 KR.
VERÐ NÚ 5.000 KR.
FRESCH **HEILSUKODDAR** Á **50% AFSLÆTTI**
STÓRAR OG LITLAR STÆRÐIR

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/eða breytingar.

SÓFAR & HVÍLDARSTÓLAR
NOKKRIR GÓÐIR Á FRÁBÆRU VERÐI

30%
VERÐ ÁÐUR 249.900 KR.
VERÐ NÚ 174.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 119.900 KR.
VERÐ NÚ 84.000 KR.

KODDARVER Á 50% AFSLÆTTI
50%

NÚ Á 595 KR.

STUÐNINGSSESSUR

1000 KR.

HANDKLÆÐI

BORÐ
60%

VERÐ ÁÐUR 63.900 KR.
VERÐ NÚ 25.560 KR.
VERÐ ÁÐUR 21.900 KR.
VERÐ NÚ 8.760 KR.

50%

JERSEY LÖK
ELDRI GERÐ Á 80-90 CM Á
50% AFSLÆTTI

HÖFUÐGAFLAR
Í MÖRGUM STÆRÐUM

VERÐ FRÁ 19,900 KR

ATH
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI

ÝMIS TILBOÐ Í VERSLUN

LAMPAR

70%
VERÐ ÁÐUR 19.900 KR.
VERÐ NÚ 5.970 KR.

Svefn & heilsa
★★★★★
Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**

UM **FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA** SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU*
*Samkvæmt könnun frá Gallup.